



Hlutverk fangelsa í nútímasamfélagi

Endurkomur fanga og notkun úrræða á Íslandi og Englandi

Eva Björg Ægisdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hlutverk fangelsa í nútímasamfélagi
Endurkomur fanga og notkun úrræða á Íslandi og Englandi

Eva Björg Ægisdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði
Leiðbeinandi: Helgi Gunnlaugsson

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Eva Björg Ægisdóttir 2013

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Í ritgerð þessari er farið yfir þróun í átt að harðari refsistefnu sem ágerst hefur síðan 1970 hjá vestrænum nútímaríkjum. Sérstaklega er sjónum beint til Íslands og Englands borið saman við þróunina í Bandaríkjunum. Fjallað er um tvö sjónarmið gagnvart refsingum, annars vegar gagnsemishyggju og hins vegar endurgjald. Skoðað er hvernig þessi sjónarmið samræmast úrræðum innan fangelsiskerfisins, þá aðallega reynslulausn. Endurhæfing fellur undir gagnsemishyggju og hefur verið notuð mikið á tuttugustu öldinni. Sumar rannsóknir benda hins vegar til þess að bæði Ísland og England séu að feta í fótspor Bandaríkjamanna og kerfið sé að verða refsimiðaðra. Óvíst er hvaða áhrif það hefur á endurkomur fanga.

Í þessu samhengi er farið yfir stöðu mála á Íslandi og Englandi þar sem reynslulausn er úrræði sem notað er í báðum löndum. Hjá Íslandi hefur reynslulausn verið notuð með góðum árangri síðustu ár og endurkomum fanga hefur fækkað. Á Englandi hefur reynslulausn aftur á móti verið notuð í minna mæli síðustu ár og fangelsi þar í landi eru nú yfirfull. Niðurstaðan er sú að úrræði innan fangelsiskerfisins hafa jákvæð áhrif á endurkomur fanga ef vel er staðið að þeim. Hörð refsistefna með úrræðum sem ekki eru framkvæmd nægilega vel hefur ekki borið góðan árangur, heldur aðeins skilað sér í yfirfullum fangelsum.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	iii
Efnisyfirlit.....	iv
Myndir	v
1 Inngangur	1
2 Þróun refsistefnu	3
2.1 Breytt viðhorf og hnattvæðing	5
2.2 Þróun afbrotatíðni	7
3 Kenningar um refsingar.....	9
3.1 Gagnsemishyggja	9
3.1.1 Refsing sem fæling	9
3.1.2 Endurhæfing.....	10
3.2 Endurgjald	11
4 Úrræði innan refsikerfisins.....	14
4.1 Úrræði á Íslandi	14
4.2 Reynslulausn	15
4.2.1 Kenningar um reynslulausn.....	16
5 Ísland	18
5.1 Fangelsismál á Íslandi	20
5.2 Notkun reynslulausnar.....	21
5.3 Endurkomur fanga	23
6 England	25
6.1 Fangelsin í Englandi	27
6.2 Notkun reynslulausnar.....	28
6.3 Endurkoma fanga	30
7 Samantekt.....	31
Heimildir	33

Myndir

Mynd 1. <i>Fjöldi fanga í afplánun á Íslandi</i>	19
Mynd 2. <i>Veittar reynslulausnir og rof á skilyrðum þeirra</i>	22
Mynd 3. <i>Fangatíðni í Englandi</i>	26
Mynd 4. <i>Fjöldi fanga með ákveðinn dóm sem hlutu reynslulausn</i>	29

1 Inngangur

Lýðræði vestrænna nútímasamfélaga í dag gerir almenningi kleift að hafa áhrif á kjör fulltrúa og stefnumótunaraðila. Þeir sem fara með löggjafar- og framkvæmdarvaldið (og í sumum tilvikum dómvaldið) eru oftast kjörnir af almenningi og skoðanir og viðhorf frambjóðanda mótast að einhverju leyti af því. Á fyrri hluta tuttugustu aldar hafði framþróun í félags- og mannvísindum leitt til þess að stefna sem snéri að endurhæfingu og umbótum innan refsikerfisins naut mikilla vinsælda. Í vestrænum nútímasamfélögum hefur hins vegar þróun í átt að þyngri refsingum verið áberandi síðustu þrjá áratugi. Hvað veldur þessari þróun er erfitt að segja, en mögulega er um að ræða samtvinnuð áhrif ýmissa valdaafla og viðhorfa almennings. Þróunin felur meðal annars í sér þyngri viðurlög við afbrotum eins og lengri dóma. Bandaríkin eru frumkvöðlar í þessari stefnu sem kölluð hefur verið nýja refsistefnan (Pratt, 2005).

Hér er ætlunin að fjalla um nýju refsistefnuna og hvernig hún birtist í tveimur menningarlega ólíkum Evrópulöndum; Íslandi og Englandi. Þegar fjallað er um England í ritgerðinni inniber það einnig Wales. England og Wales eru tvö af fjórum löndum Bretlandseyja, en þau fylgja sameiginlegu lagakerfi sem þekkt er undir nafninu ensku lögin (e. *English law*). Ætlunin er að skoða hvaða afleiðingar nýja refsistefnan hefur haft á þessi lönd. Afbrotatíðni í Englandi er sú hæsta í Evrópu en á Íslandi hefur hún almennt verið mjög lág. Félagslegar aðstæður þessara landa eru afar ólíkar. Ísland er menningarlega einsleitt land á meðan England samanstendur af fjölmenningu. Refsikerfi þessara landa verða skoðuð og þá sérstaklega notkun reynslulausnar í tengslum við endurkomutíðni fanga. Það er áhugavert í ljósi þess að úrræðið hefur verið notað í auknum mæli á Íslandi síðustu ár og endurkomutíðni hefur minnkað. Í Englandi hefur reynslulausn verið lítið notuð síðustu ár. Endurkomutíðni hefur þar haldist nokkuð stöðug, en nýlega urðu fangelsi í Englandi í fyrsta skipti yfirfull. Það hefur orsakað skerta þjónustu við afbrotamenn, svo sem menntunar- og meðferðarúrræði. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar verður tengt við tvö ólík sjónarmið á refsingar; gagnsemishyggju (e. *utilitarianism*) og endurgjald (e. *retribution*).

Ástæðan fyrir því að efni ritgerðarinnar er tengt við þessi sjónarmið er sú að höfundur sat tíma í Félagsfræði frávíkshögðunar þar sem fjallað var um sjúkdómsvæðingu afbrota. Í kjölfarið er áhugavert að velta fyrir sér hvert sé hlutverk refsinga í samfélaginu í dag. Þegar fangelsi eru farin að bjóða upp á margskonar meðferðarúrræði, sniðin að þörfum hvers fanga fyrir sig, má spyrja hvort hlutverk fangelsanna hafi breyst. Aftur á móti hefur orðræðan undanfarin ár verið krafa um harðari dóma, sérstaklega gagnvart ákveðnum tegundum afbrota.

Hvort sjónarmiðið, gagnsemishyggja eða endurgjald, er skilvirkara þegar til langs tíma er litið? Hefur þróunin undanfarin ár leitt til þess að fangelsi er stofnun sem leggur áherslu á endurhæfingu afbrotamanna eða veitir refsingu í samræmi við framin glæp?

Byrjað verður á að fjalla um þróun refsistefnu í heiminum í dag, breytt viðhorf í kjölfar hnattvæðingarinnar og alþjóðlegan samanburð. Næst verða ólíkar kenningarlegar forsendur að baki refsingum skoðaðar. Þessar kenningar hafa verið meira og minna ríkjandi í deilunni um áhrif ólíkra refsistefna alla tuttugustu öldina. Fjallað verður um úrræði innan refsiskerfisins og þá sérstaklega reynslulausn. Reynoldsulausn hefur verið notuð á Íslandi og Englandi en í mismiklu magni. Greint verður frá kenningarlegum forsendum reynslulausnar og þá sérstaklega reynslulausn sem felur í sér meðferð fyrir fanga með áfengis-og/eða fíkniefnavanda. Bæði Ísland og England verða skoðuð með tilliti til allra þessara þátta og hvernig þeir hafa haft áhrif á fangelsin, fangafjölda og endurkomutíðni. Að lokum verður gerður samanburður og reynt að svara því hvort refsistefna skipti í raun máli.

2 Þróun refsistefnu

Hægt er að réttlæta ýmsar refsingar samfélagsins á einstaklingum sem fremja afbrot. Talið er að afbrotamenn eiga skilið refsingar. Refsingar hafa ákveðið forvarnagildi og þær eiga að sýna fórnarlömbum að samfélagið líði ekki refsiverðan verknað. Refsingar vernda almenning. Þær gefa afbrotamönnum möguleika á að gjalda fyrir brot sín og sýna fram á að lögum skal fylgja. Skoðanir á því hvornig refsingum skuli framfylgt og hvaða viðurlög virka hafa verið breytilegar í gegnum tíðina. Sumir spyrja siðferðislegra spurninga eins og hver sé tilgangur refsinga, hvaða gildi refsilög eigi að fela í sér og hvert sé markmið refsinga. Aðrir vilja beina sjónum sínum að því hver ætlunin sé með refsingum og hvaða afleiðingum þær hafa fyrir afbrotamenn (Banks, 2008).

Fyrri áhersla á fælingargildi refsinga leiddi til hugmynda sem miðuðu að umbótum og endurhæfingu, en þessar tvær stefnur hafa verið sveiflukenndar síðastliðna öld (Banks, 2008). Þegar litið er yfir sögu lagalegrar þróunar viðurlaga má greina þessar tvær stefnur. Í bæði Róm og Englandi á miðöldum misstu þeir sem frömdu alvarleg afbrot borgaraleg réttindi sín. Það þýddi að afbrotamaðurinn (og oftast fjölskylda hans) missti réttinn á að erfa eða stunda viðskipti með hvers kyns eignir. Í kjölfar upplýsingarinnar á miðri 18. öld vöknudu upp efasemdir um þessa stefnu og í byrjun tuttugustu aldar var hún horfin að mestu. Í staðinn kom upp sú hugmynd að endurhæfa þyrfti afbrotamenn til að aðlaga þá að samfélaginu. Þessi stefna hefur haft mikil áhrif á lagalegar umbætur í seinni tíð (Thomas og Heberton, 2012).

Á fyrri hluta tuttugustu aldar var þróun refsistefnu í átt að umbótum innan refsikerfisins þar sem margir töldu endurhæfingu skilvirkari leið til að koma í veg fyrir endurkomur fanga (Alschuler, 2003). Ýmsir stjórn mála- og fræðimenn tóku þá að mæla með aukinni áherslu á endurhæfingu afbrotamanna. Þeir sem aðhylltust þessa stefnu nefndust umbótasinnar (e. *reformism*), en þeir efuðust um áhrif refsinga í samfélaginu. Umbótasinnar sáu fólk sem afsprengi félagslegra aðstæðna og töldu sakfellingu óskilvirka leið og því ætti samfélagið að beina sjónum sínum að uppbyggilegri markmiðum. Leggja ætti áherslu á að horfa fram á veginn, ekki til baka. Hlutverk félagsfræðinga og sálfræðinga væri að rannsaka orsakir afbrota og hvaða félagslegu umbætur og meðferðarleiðir kæmu í veg fyrir afbrot. Í bandaríska refsikerfið voru innleiddar tvönnar konar umbætur; annars vegar skilorð og hins vegar óákveðinn dómur. Skilorð felur í sér meðferð afbrotamanns í samfélaginu en ekki innan veggja fangelsis. Óákveðinn dómur er dómur án ákveðins vistunartíma. Reynslulausnarnefnd sá um eftirlit með framförum fanga í átt að endurhæfingu. Nefndin hafði heimild til að leysa þá úr haldi á tíma sem hún taldi viðeigandi en hafa áfram eftirlit með honum til lok

refsistímans (Alschuler, 2003).

Á eftirstriðsárunum, um 1950, var einnig sterk trú á endurhæfingarsjónarmiðið og talað var um að siðmennta afbrotamenn. Sim (2009) undirstrikar þrjú atriði sem endurspegla aðferðir og stefnur í endurhæfingu fanga á þessum tíma. Í fyrsta lagi fól sjónarmiðið í sér þá sýn að samfélagið væri byggt á samþykki þegnanna á aðlögunarhæfni einstaklinga sem ætti sér stað í gegnum óformleg félagsleg öfl. Þessi öfl hefðu þau áhrif að frávíkar myndu aðlagast samfélaginu. Í nafni endurhæfingar voru hins vegar aðferðir og stefnur stofnana sem meðhöndluðu afbrotamenn mjög refsimiðaðar. Til að mynda voru tilraunir gerðar með lyf eins og LSD í þeim tilgangi að lækna fæðingarþunglyndi kvenna og aðra sjúkdóma. Í öðru lagi nefnir Sim að hugmyndin um endurhæfingar á þessum tíma hafi ekki virkað vel í raunveruleikanum. Þá voru geðþóttaákvæðanir starfsfólks stofnana (lækna og fangavarða) sem réðu því hvaða afbrotamenn bar að endurhæfa. Meirihluti fangavarða kaus að endurhæfa ekki afbrotamenn. Í þriðja lagi voru þær aðferðir sem höfðu jákvæðar afleiðingar á afbrotamenn, það er sem virkuðu, ekki innleiddar í refsikerfið.

Ramsey Clark (1970) fjallaði um mikilvægi endurhæfingar í samtímanum þar sem hún gæfi einstaklingum frelsi frá áfengis- og vímuefnafíkn, tækifæri á menntun og atvinnu, og með því móti gætu einstaklingar frekar lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Þannig taldi hann endurhæfingu einu skýru leiðina til að lækka afbrotatíðni. Ramsey Clark skrifaði bók sína á sama tíma og ný refsifræði varð áberandi í Bandaríkjunum og fangatíðni jókst verulega. Nýja refsifræðin var viðbragð við vaxandi undirstétt, en hún fól í sér aukið eftirlit, áhættustjórnun og stjórn hættulegra hópa. Í stað þess að takast á við einstök mál einstaklinga voru þau skoðuð í hópum. Þannig tókust á tvö sjónarhorn, annars vegar það sem áleit endurhæfingu vera bestu lausnina og hins vegar það sem snéri að stjórnun afbrota með harðri refsistefnu (Alschuler, 2003).

Upp úr 1970 var að sama skapi talað um dauða endurhæfingarstefnunnar, þar sem harðara sjónarmið gagnvart refsingum varð ríkjandi. Árið 1974 birti félagsfræðingurinn Robert Martinson áhrifaríka grein um endurhæfingar í fangelsum og áhrif þeirra á endurkomur fanga sem vakti athygli. Þar gagnrýndi hann endurhæfingarsjónarmiðið og komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki árangursríkt og sagði „ekkert virka“ (Martinson, 1974). Harðari stefna gagnvart afbrotum hefur leitt til þess að stöðug aukning á fangatíðni í Bandaríkjunum hefur verið síðustu þrjú áratugi. Það hefur gert það að verkum að Bandaríkin eru með hæstu fangatíðnina á hverja hundrað þúsund íbúa í heiminum (Kury og Shea, 2011). Sem dæmi um þessa verulegu aukningu má nefna að á árunum 1998 til 1999 jókst tíðni nýrra fanga um 109 þúsund. Til að setja þessa tölu í samhengi þá var fjöldi nýrra fanga á árunum

1998 til 1999 hærri en fjöldi fanga í öllu Bretlandi síðla árs árið 1998, en þá voru þar rúmlega 73 þúsund fangar (Christie, 2000).

Stefnan í mörgum fylkjum Bandaríkjanna einkennist af hörðum viðurlögum gagnvart sifrotamönnum, til dæmis með þriggja brota lögnum. Þau fela í sér lífstíðardóm ef einstaklingur er sakfelldur þrisvar, sama hversu væg brotin eru. Þannig gæti einstaklingur verið dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að stela þrisvar sinnum lágri peningaupphæð. Í sumum ríkjum Bandaríkjanna hljóta ungmenni (allt niður að tíu ára aldri) sömu meðferð og fullorðnir og geta fengið lífstíðardóm án möguleika á reynslulausn. Bandaríkin eru eitt af fáum löndum þar sem lífstíðardómur án möguleika á reynslulausn fyrirfinnst. Í flestum þessara landa er þó dómurinn aðeins leyfður þegar um sérstök tilvik er að ræða. Í Englandi er hann aðeins heimilaður ef tveir eða fleiri einstaklingar eru myrtir af yfirlögðu ráði, rændir og/eða svívirtir illa eða ef um er að ræða morð á börnum sem felur í sér brottám eða mikla svívirðingu. Dómurinn er einnig heimilaður í þeim tilvikum sem morð er framið af einstaklingi sem áður hefur setið inni fyrir morð. Notkun lífstíðardóms án möguleika á reynslulausn er mun hærri í Bandaríkjunum en nokkurs staðar í heiminum. Árið 2009 voru þar um 41 þúsund fangar sem afplánuðu lífstíðardóm án möguleika á reynslulausn, samanborið við 41 fanga sem afplánuðu sams konar dóm í Englandi. Þróun bandaríska réttarkerfisins hefur leitt til þess að þar ríkir endurgjaldsstefna sem miðar að maklegum málagjöldum afbrotamanna en ekki endurhæfingu. Það er á skjön við alþjóðlegan samning um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, þar sem fram kemur að allir fangar eigi rétt á meðferð við hæfi sem miði að endurhæfingu afbrotamannsins (de la Vega o.fl., 2012).

Bandaríkin eru miklir áhrifavaldar hvað varðar viðhorf í vestrænum heimi. Oft vill fara svo að erlendis er líkt eftir þeim stöðlum, lögum og lausnum sem þar fyrirfinnst (Christie, 2000). Þannig hefur þessi stefna, sem kölluð hefur verið nýja refsistefnan (e. *new punitiveness*), rutt sér til rúms í flestum vestrænum ríkjum nútímans (Kury og Shea, 2011; Dijk, Kesteren og Smit, 2007).

2.1 Breytt viðhorf og hnattvæðing

En hvað liggur að baki hinnar nýju refsistefnu og hvað veldur því að viðhorf til refsinga eru að breytast í þessa átt? Breytingar á viðhorfum almennings í átt að þyngri refsingum telja margir að megi rekja til örar þróunar vestrænna ríkja á síðustu áratugum. Miklar breytingar hafa átt sér stað hjá hinum ýmsu stofnunum samfélagsins. Hnattvæðingin hefur rutt sér til rúms í vestrænum ríkjum, en hún felur í sér breytingar á pólitískum, efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Hnattvæðingin er ekki frekar tengd velmegun en

hún er tengd áhættu. Félagslega öryggiskerfið er talið hafa rofnað, frelsi á vinnumarkaðnum aukist sem og fjölbreytni í gildum og lífstíl. Stofnanir sem áður voru taldar traustar og öruggar hafa einnig breyst. Þetta veldur því að hefðbundin vitneskja um fyrirsjáanleika og væntingar er að hverfa. Aukin þörf til að refsa verður táknræn fyrir baráttuna við félagslegt óöryggi í samfélaginu (Hirtenlehner, 2011).

Afbrotafræðingar telja að nýja refsistefnan eigi rætur sínar að rekja til þessara efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu breytinga sem hófust upp úr 1970. Breytingar í hagkerfinu sem tengdar eru hnattvæðingunni og nýrri tækni hafa haft áhrif á hræðslu almennings við afbrot. Eins hefur ójöfnuður aukist sem og jaðarhópar eins og fátækir og minnihlutahópar. Störf sem krefjast lágmarks menntunar og færni hafa breyst eða horfið. Stofnanir eins og hjónabandið hafa veikst. Fjárhagslegur stöðugleiki hefur einnig minnkað með auknu vantrausti á verðbréfamarkaði og eftirlaunasjóði (Kuhlmann, 2011). Stjórnámálamenn og stefnumótandi aðilar halda því fram að aukin refsipýngd lagakerfisins tengist viðhorfum almennings gagnvart harðari refsingum (Dijk, Kesteren og Smit, 2007). Þannig sé aukin refsipýngd ekki endilega tengd aukinni afbrotatíðni heldur benda rannsóknir til þess að krafan um aukna refsipýngd sé óháð raunverulegri aukningu afbrotatíðni. Til að verða við óskum almennings hafa margir stjórnámálamenn tekið þennan málstað í kosningum til að auka við sig fylgi (Larrauri og Varona, 2011).

En eru það í raun allir hópar samfélagsins sem vilja þyngrri refsingar? Niðurstöður rannsókna sýna að viðhorf til refsinga séu mismikil innan ólíkra hópa. Karlmenntu eru frekar hlyntari þungum refsingum en konur, menntað fólk er síður líklegra til að vilja refsa en ómenntað og eins eru harðar refsingar samþykktar frekar í dreifbýli en þéttbýli (Hirtenlehner, 2011). Niðurstöður Hirtenlehner (2011) benda til þess að ótti við refsingar og valdboðshneigið vegi mest þegar viðhorf fólks til refsinga er rannsakað. Því hræddara sem fólk er við glæpi, því meiri líkur eru á að það sé fylgjandi þungum refsingum. Hin nýja refsistefna er því mögulega ekki viðbragð við auknum afbrotum, heldur frekar viðbragð við ýktri hræðslu og tilfinningum almennings (Kuhlmann, 2011).

Margir fræðimenn og skólar hafa varað við þróun samtímans í átt að þyngrri refsingum. Norski afbrotafræðingurinn Nils Christie (2000) bendir á að harðar refsingar hafi ekki fyrirbyggjandi áhrif á afbrotamenn og þar af leiðandi hafi þær ekki áhrif á afbrotatíðni. Í bók sinni, *A Suitable Amount of Crime*, gagnrýnir hann þróun landa í átt að harðri refsistefnu og bendir á að úrbætur í samfélaginu séu mun skilvirkari leið til að lækka afbrotatíðni. Hann segir aðstæður afbrotamanna vera ólíkar í hverju tilviki fyrir sig og því muni refsing eins ekki

hafa áhrif á gjörðir annars (Christie, 2004). Gagnrýnendur harðrar refsistefnu benda sífellt á hversu óskilvirk hún er. Almennigur virðist ekki taka mark á þeirri umræðu og hugsanir virðast takmarkaðar við eigin hræðslu og ótta við afbrot. Stefna sem miðar einungis að maklegum málagjöldum er vinsæl þar sem hún gefur sig út fyrir að vera árangursrík en er það í raun ekki. Skoðanir stjórnmalalegra og félagslegra hagsmunaaðila í Bandaríkjunum, en ekki sérfræðinga, hafa mögulega leitt til ákveðinnar tegundar af lýðræði. Ákvörðunaraðilar, ekki aðeins stjórnmalamenn heldur einnig lögreglustjórar og dómarar, eru kosnir beint af borgurum og eru háðir vilja þeirra. Ef þeir fara ekki að óskum almennings eru þeir ekki kosnir áfram (Kury og Oberfell-Fuchs, 2011).

Ef ofangreind atriði eru dregin saman, má sjá að hnattvæðingin sem hófst upp úr 1970 er einn helsti áhrifavaldur breyttra viðhorfa til refsinga. Hún hefur leitt til víðtækra breytinga á flestum þáttum samfélagsins. Í kjölfarið hefur óöryggi almennings aukist þar sem fyrirsjáanleiki hversdagslegs lífs er að minnka. Að mati margra hefur þörfin til að refsa orðið táknræn fyrir baráttuna við félagslegt óöryggi í samfélaginu (Hirtenlehner, 2011). Margir sérfræðingar benda á að hörð refsistefna sé í rauninni ekki skilvirk. Samt sem áður er hún málstaður margra lýðræðislegra kjörinna fulltrúa. Eins og Kury og Oberfell-Fuchs (2011) benda á eru þeir oft kosnir af borgurum í beinum kosningum og því háðir vilja þeirra. Þessi þróun er því varhugaverð og meira í anda kenninga um endurgjöld eins og nánar verður farið í síðar.

2.2 Þróun afbrotatíðni

Samanburður á löndum er mikilvægur til að skoða áhrif ólíkra refsistefna á afbrotatíðni og endurkomur fanga. Þannig er hægt að meta að einhverju leyti hvaða úrræði eru skilvirk og hver ekki. Eins getur afbrotatíðni verið vitnisburður um hvaða lönd gangast undir harða refsistefnu. Alþjóðlegur samanburður hefur þó ýmis vandkvæði í för með sér. Ólíkar aðferðir lögreglu og mismunandi stefnur landa gera samanburð erfiðan og eins eru gæði skráðra gagna oft breytileg (Harrendorf, 2011).

Síðustu áratugi hafa reglulega verið gerðar alþjóðlegar kannanir til að bera saman afbrotatíðni landa. Alþjóðleg könnun á fórnarlömbum afbrota (International Crime Victim Survey) var lögð fyrir þrjátíu þjóðir og átta borgir (38 lönd samtals) á árunum 2004 til 2005. Niðurstöðurnar sýndu að síðustu tvo áratugi hafði þöndum afbrota fjölgað þáttökulöndunum. Þær þrjátíu þjóðir sem tóku þátt í könnuninni sýndu að meðaltali 16 prósent aukningu í afbrotatíðni með Írland, England, Nýja Sjáland og Ísland efst á blaði.

Löndin með lægstu aukninguna voru Spánn, Japan, Ungverjaland og Portúgal (Dijk, Kesteren og Smit, 2007).

Á árunum 1995-2007 sýndu gögn frá Evrópusambandinu að aukning væri í skráðum afbrotum í Evrópu. Fórnarlambakannanir sýna ekki alltaf sömu aukningu, en það má skýra með fleiri skráðum fíkniefnabrotum og hærri forgangsröðun ofbeldisbrota. Niðurstöðunar sýndu jafnframt mismunandi þróun á svæðum í Evrópu. Í Mið- og Austur Evrópu hafði refsipýngd áður verið há en fór nú lækkandi á meðan hún hækkaði í Suður-Evrópu. Í Norður- og Vestur Evrópu er mesti fjöldi skráðra afbrota og flestir dæmdir afbrotamenn (Smit, Eijk og Decae, 2011). Sama hvort litið er á gögn byggð á hópum eða einstaklingum, er niðurstaðan sú að í vestrænum ríkjum hefur refsipýngd aukist á síðustu árum. Skráðum afbrotum hefur fjölgað með breytingum á hegningarlögum og eins sýna fórnarlambakannanir aukningu í afbrotum. Þessar niðurstöður þarf þó að taka með fyrirvara, þar sem mögulegt er að aukningin sé tilkomin vegna breyttra viðhorfa á því hvað telst vera afbrot. Fleiri tilkynningar til lögreglu, harðari viðhorf gagnvart kynferðisofbeldi og fíkniefnum gætu til að mynda haft áhrif á bæði skráð afbrot og fórnarlambakannanir.

Bandaríkin státa af hæstu fangatíðni á hverja 100 þúsund íbúa í heiminum. Árið 2010 voru þar um 730 fangar á hverja hundrað þúsund íbúa (de la Vega, 2012). Evrópuráð (e. *Council of Europe*) gefur út árlegar skýrslur um fangelsismál evrópskra landa. Samkvæmt skýrslu frá árinu 2010 voru 165 fangar á Íslandi (tölur sem innibera einnig fanga í gæsluvarðhaldi). Það eru um 52 fangar á hverja hundrað þúsund íbúa sem er með því lægsta sem gerist í Evrópu. Á sama tíma voru um 85 þúsund fangar í Englandi, eða um 154 fangar á hverja hundrað þúsund íbúa (Council of Europe, 2010). Þrátt fyrir mikla yfirburði Bandaríkjanna þegar kemur að fangatíðni hefur þróunin bæði á Íslandi og Englandi síðustu ár verið í áttina að þyngri refsistefnu. Í báðum löndum hefur lengd dóma aukist sem hefur (auk annarra þátta) valdið því að fangelsi eru yfirfull. Á Íslandi hefur þetta lengi verið vandamál og biðlisti eftir að afplána fangavist er það langur að dómur árið 2010 voru teknir að fyrnast (Ríkisendurskoðun, 2010). Vandamálið er hins vegar tiltölulega nýlegt í Englandi þar sem árið 2008 fór fangatíðni í fyrsta skipti fram yfir vistunargetu fangelsanna (Berman, 2012). Þetta hefur bitnað á þjónustu við fanga, svo sem menntunar- og meðferðarúræðum. Þessir þættir eru taldir hafa áhrif á endurkomutíðni fanga (National Audit Office, 2005). Þannig hefur gagnsemi refsinga vikið fyrir harðari sjónarhorni sem leggur frekar áherslu á endurgjald en gagnsemi.

3 Kenningar um refsingar

Viðhorf til refsinga byggja aðallega á tvíþættum hugmyndafræðilegum grunni. Annars vegar eru kenningar sem einblína á gagnsemi refsinga (e. *utilitarian*). Þær líta svo á að refsingar eigi að hafa ákveðið gagnsemisgildi fyrir samfélagið. Hægt sé að réttlæta refsingu ef hún virkar sem fæling fyrir aðra afbrotamenn eða dregur á einhvern hátt úr afbrotum. Á hinn bóginn eru kenningar sem leitast við að láta afbrotamenn gjalda fyrir afbrot sín (e. *retribution*). Nýlegur vinkill á endurgjaldskeningunni hefur verið nefndur ábyrgð afbrotamanna (e. *just desert*) en á honum fór að bera upp úr 1970 (Hudson, 1996).

Hér verður farið nánar í þessar kenningar sem liggja að baki ólíkum sjónarhornum á tilgang refsinga. Flestar kenningar um refsingar falla að einhverju leyti undir bæði gagnsemis- og endurgjaldskeningar. Erfitt er að búa til staðlaða skiptingu þar sem endugjaldskeningar geta einnig falið í sér ákveðna gagnsemi og öfugt. Til að mynda getur verið ákveðin gagnsemi fyrir samfélagið að láta afbrotamenn gjalda fyrir afbrot sín þar sem það fækir aðra frá því að fremja afbrot. Að sama skapi getur refsing sem hefur fælingargildi flokkast undir endurgjald. Skiptingin hér að neðan er byggð á því hvar megináhersla hugmyndafræði kenninganna er. Munurinn liggur í því hvort litið sé á refsingu sem gagnsama eða sem endurgjald, þrátt fyrir að bæði geti inniborið samskonar framkvæmd.

3.1 Gagnsemishyggja

Gagnsemiskeningar sameina siðferðislega og stjórn málafræðilega heimspeki sem leggur áherslu á grundvallarhlutverk ríkisins byggt á stjórn málafræðilegri skyldu nútímasamfélaga. Áhrifamestu stefnur og aðferðir í lækun afbrota í nútímanum hafa verið tengdar við kenningar um gagnsemi refsinga (Hudson, 1996). Einn helsti talsmaður gagnsemishyggju var Jeremy Bentham. Hann sagði að grundvöllur allra dyggða væri gagnsemi. Með því átti hann við að öll siðferðisleg dómgreind ætti að vera byggð á gagnsemi fyrir almenning (Postema, 2006). Gagnsemiskeningar taka í reikninginn kostnað og afleiðingar refsinga. Þær hafa í huga framtíðina og líta á refsingar sem leið til að draga úr afbrotum (Weinar, Graham og Reyna, 1997).

3.1.1 Refsing sem fæling

Samkvæmt gagnsemishyggju er það markmið refsinga að fæla aðra frá því að fremja afbrot. Hugmyndin er sú að fólk forðist afbrot vegna afleiðinganna sem þau kunna að hafa. Þeir sem aðhyllast gagnsemishyggju réttlæta þannig refsingar með því að vísa í jákvæð áhrif og

afleiðingar refsinga. Þeir sjá refsingu sem lokaniðurstöðu sem hefur ekki tilgang í sjálfu sér fyrir afbrotamanninn heldur á einungis að draga úr afbrotum. Þannig leggja þeir minni áherslu á afbrotamanninn sjálfan og að veita honum hæfilega refsingu í samræmi við afbrotið. Fyrir þeim er rétta refsingin sú sem felur í sér mestu gagnsemina og hefur hvað mest áhrif á velferð samfélagsins í heild sinni (Banks, 2008).

Gagnrýnendur benda á að þar sem gagnsemishyggja telur markmið refsinga vera velferð samfélagsins og að hámarka hamingju allra, séu þeir viljugir til að refsa jafnvel saklausu fólk nái því fram. Aðrir greina tvær stefnur kenningarinnar; að fæla afbrotamann frá því að fremja annað brot og að fæla tilvonandi afbrotamenn frá því að fremja afbrot. Sumir sem aðhyllast gagnsemishyggju líta svo á að skoða eigi hvaða refsing virkar. Ef væg refsing skilar sömu niðurstöðu og hörð refsing, eigi að nota þá vægari þar sem sú harða sé þar með ekki réttlætunleg. Aðstaða þeirra getur þó einnig verið öfug, til dæmis ef hægt er að réttlæta þungar refsingar með því að þær skili betri niðurstöðu. Þannig megi refsingin vera verri en framið afbrot ef það hefur meira fælingargildi (Banks, 2008). Í raunveruleikanum hafa rannsóknir hins vegar sýnt að litlu máli skiptir hversu þungar refsingar eru þegar kemur að því að hindra frekari afbrot. Aukin fangelsun eða önnur hörð viðurlög leiða yfirleitt ekki til lækkunar á afbrotatíðni landa (Kury og Obergfell-Fuchs, 2011). Því er erfitt að réttlæta gagnsemi þungra refsinga þar sem þær samræmast ekki hugmyndafræði gagnsemishyggjunnar.

3.1.2 Endurhæfing

Markmið endurhæfingar er að fjarlægja þörfina til að fremja afbrot. Ætlunin er að aðlaga afbrotamanninn að samfélaginu á ný eftir að hann hefur sætt refsingu og refsingin sjálf er sniðin að því markmiði. Tvær mikilvægar forsendur hafa stuðlað að þróun endurhæfingarstefnunnar. Í fyrsta lagi var sífellt meiri þörf fyrir vinnuafli í kjölfar iðnbyltingarinnar seint á átjándu öld, sem hvatti til þess að fangar sem frömdu væg afbrot yrðu innleiddir í samfélagið í stað þess að vera útskúfaðir. Í öðru lagi var það vöxtur félagsvísindanna sem leit svo á að sálfræðilegir og umhverfislegir þættir orsökðu afbrotahæðun. Endurhæfingarstefnan telur þannig að mannleg hegðun sé breytanleg með vísindalegum leiðum. Á nítjándu öld voru fangelsi vestrænna landa hönnuð í kringum endurhæfingarstefnuna. Í fangelsunum var bæði gert ráð fyrir vinnu fanga og íhugun. Í lok aldarinnar var endurhæfingarstefnan formlega orðin meginmarkmið refsikerfisins í Englandi sem og mörgum öðrum vestrænum iðnaðarsamfélögum. Hins vegar var framkvæmd stefnunnar ófagleg og allir afbrotamenn voru meðhöndlaðir á sama hátt. Með þróun mann- og

félagsvísinda, sálfræði og félagsfræði var byrjað að flokka fanga á mismunandi vegu og greining og meðhöndlun þeirra bættist við vinnu og meðhöndlun innan fangelsanna (Hudson, 1996).

Deiluna um endurhæfingu er hægt að greina út frá tveimur vísindaheimspekilegum forsendum um eðli mannsins; viljahyggju og nauðhyggju. Burrell og Morgan (1979) lýsa þessum tveimur forsendum á þann hátt að viljahyggja innberi hugmyndina um frjálstan vilja mannsins, óháðan félagslegum öflum og umhverfi. Þeir sem aðhyllast þetta sjónarhorn sjá manninn sem ábyrgan fyrir gjörðum sínum og eru því líklegri til að krefjast þyngri refsinga. Nauðhyggja gengur hins vegar út frá því að maðurinn sé afsprengi umhverfis síns og því hafi félagslegir þættir eins og fátækt, atvinnuleysi og fjölskylda áhrif á afbrotahæðun. Nauðhyggjusinnar eru líklegri til að aðhyllast vægari refsingar og leggja meiri áherslu á endurhæfingu þar sem þeir trúa að hægt sé að laga afbrotamenn. Sú hugmynd var framkvæmd á öfgafullan hátt á eftirstríðsárunum þar sem afbrotamenn voru meðhöndlaðir líkt og um sjúkdóm væri að ræða (Hudson, 1996).

Fram á tuttugustu öld hafa ýmsir fræðimenn og skólar lagt áherslu á endurhæfingu fanga, en þó hafa vinsældir hennar verið sveiflukennndar. Þegar fangatíðni jókst í Bandaríkjunum varð það útbreiddur skilningur manna að endurhæfing virkaði ekki til að koma í veg fyrir afbrot og því fór að bera á harðari refsingum. Í samtímanum nýtur hinsvegar endurhæfingarsjónarmiðið sífellt meiri vinsælda (Alschuler, 2003).

3.2 Endurgjald

Kenningar um endurgjald líta á refsingu sem leið til að veita afbrotamönnum ákveðin málagjöld. Þetta er ef til vill elsta kenningarlega forsendan og má rekja allt til tíma Biblíunnar. Þeir sem aðhyllast þetta sjónarhorn telja siðferðislegan hlekk vera á milli refsinga og sektar. Afbrotamaður beri ábygd á gjörðum sínum og refsingin sé leið samfélagsins til að láta hann gangast undir þær. Þeir sjá samfélagið byggt upp af reglum og lögum sem þegnar þess samþykkja og því sé ekki hægt að efast um réttmæti laganna. Þegnarnir treysta á siðferðislegan tilgang þeirra og telja þau endurspegla réttlætingu refsinga. Þessi afstaða tekur ekki mið af félagslegum breytingum eða aðstæðum heldur lítur aðeins á verknaðinn sjálfan. Því eru félagslegar orsakir fyrir afbrotum óviðkomandi atriði fyrir fylgjendur endurgjaldskenningarinnar. Sjónarmiðið felur jafnframt í sér að afbrotamenn eigi skilið refsingu og að hún eigi að vera í réttu hlutfalli við umfang afbrotsins. Ólíkt gagnsemishyggjunni, einblínir endurgjaldssjónarmiðið ekki á jákvæðar afleiðingar refsinga

heldur einungis á að gjalda líku líkt. Þetta sjónarhorn innber einnig þörfina fyrir að ávíta (e. *censure*) afbrotamenn til að sýna fram á vanþóknun samfélagsins. Afbrotamaðurinn á að bregðast við með iðrun. Sumir fræðimenn telja að ekki sé hægt að ávíta munnlega eða á táknrænan hátt og því séu þungar refsingar eina leiðin (Banks, 2008).

Immanuel Kant er einn af þeim heimspekingum sem fjallað hefur um endugjaldskenningar. Hann talaði um jöfnuð sem grundvallaratriði í samfélaginu. Þegar einhver raskar almennt ríkjandi jafnvægi með því að fremja afbrot er þörf á að leiðrétta það. Ef einhver skaðar einhvern annan er jafnvægi komið á með því að láta refsinguna endurspegla afbrotið. Í sinni sterkustu mynd á heimspeki Kants væri jafnvægi komið á þegar manneskja sem fremur morð hlýtur dauðadóm (Ataner, 2006).

Gagnrýnendur kenningarinnar benda á að endugjald sé í rauninni aðeins hefnd. Fylgjendur kenningarinnar neyta því og segja endugjald einblína á afbrotamanninn sjálfan á meðan hefnd feli mögulega í sér saklausar manneskjur, svo sem ættingja afbrotamannsins (Banks, 2008).

3.2.1 Ábyrgð afbrotamanna

Stóran hluta tuttugustu aldar, allt fram til 1970, var endurgjaldsstefnan álitin hefnd. Afbrotafræðingar töldu hana ekki tengda framförum líkt og endurhæfingarstefnan. Þegar endurhæfingarstefnan leið undir lok upp úr 1970 voru þessar hugmyndir endurvaktar. Nýja endurgjaldsstefnan var kölluð ábyrgð afbrotamannsins (e. *just desert*) og á tíu árum varð hún áhrifamesta kenningin varðandi refsingar. Endurhæfingu fyrir þann tíma hafði verið beitt í of miklu magni og aðvaranir tóku að heyrast frá íhaldssömum hópum sem vildu beita harðari refsingum. Óákveðnir dómur sem innleiddir höfðu verið í bandaríska refsikerfið orsökðu óánægju meðal fanga þar sem mikil óvissa fylgdi því að hafa ekki ákveðin tímamörk. Þessir dómur voru háðir umbótum fanga, þar sem ákveðin nefnd ákvað hvenær fangi taldist hæfur til að vera leystur úr haldi. Í kjölfarið var sett fram krafa um tímamörk óákveðinna dóma. Eins töldust breytilegir dómur fyrir sambærileg brot óréttlátir þar sem tekið var mið af persónulegum aðstæðum fangans (Hudson, 1996).

Nýja endurgjaldsstefnan fól í sér að refsingin ætti að vera í réttu hlutfalli við alvarleika brotsins. Til ætti að vera ákveðið kerfi fyrir refsingar þar sem sömu viðurlög væru tryggð fyrir alvarlegustu brotin. Til dæmis yrði refsiramminn fyrir innbrot eða jafn alvarlegt afbrot, þrjú til fimm ár og ef innbrotið væri alvarlegt, fimm til sjö ár. Þannig hefði dómsvaldið möguleika á að taka tillit til aðstæðna afbrotamannsins innan takmarkaðs refsiramma. Ekki er litið á

tilvonandi afbrot þegar dómur er kveðinn upp þar sem eingöngu er leitast við að refsa fyrir tiltekið brot. Fyrri dómar geta þó haft áhrif þar sem fyrsta brot afbrotamanns fær mögulega vægari dóm. Ábyrgð afbrotamanna í dómum varð áberandi upp úr 1980, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Í Englandi voru hlutfallslegar refsingar miðað við alvarleika brots sett fram sem forgangsatriði í lögum árið 1991. Þó var það ekki á sama hátt og í Bandaríkjunum þar sem refsiramma var innleiddur fyrir hvert brot (Hudson, 1996).

4 Úrræði innan refsikerfisins

Ýmis úrræði eru í boði innan refsikerfisins sem hafa þann tilgang að hjálpa föngum sem glíma við félagsleg og/eða sálfræðileg vandamál. Betrun fanga er talin hagkvæm fyrir þjóðfélagið þar sem hún dregur úr endurkomum fanga. Á Íslandi er heilbrigðisþjónusta við fanga talin ásættanleg en geðheilbrigðisþjónusta er ábótavant og úrræði fyrir geðsjúka fá (Ríkisendurskoðun, 2010). Í Englandi hefur heilbrigðisþjónusta batnað eftir að umsjá hennar var færð úr höndum heilbrigðisstarfsfólks, sem eingöngu var á vegum fangelsanna, til Alþjóðlegu heilbrigðisþjónustunnar (NHS) (Hayton og Boyington, 2006). Yfirfull fangelsi þar í landi hafa hins vegar takmarkað þjónustu við fanga, svo sem menntunar- og meðferðarúrræði (National Audit Office, 2005).

Seiter og Kadela (2003) rannsökuðu áhrif ýmissa úrræða innan fangelsanna í Bandaríkjunum. Niðurstöður þeirra sýndu að þeir fangar sem áttu við vímuefnavanda að stríða og fengu meðferð innan fangelsins voru síður líklegir til að brjóta skilorð. Eins var ólíklegra að þeir myndu halda notkuninni áfram og hljóta dóm á ný. Auknir möguleikar fanga til að mennta sig, fá meðferð við vímuefnavanda sínum og önnur úrræði virðast því hafa jákvæðar afleiðingar bæði fyrir afbrotamenn og samfélagið. Úrræði innan fangelsa falla undir gagnsemishyggju þar sem hún leggur áherslu á að refsing sé einungis réttlætanleg hafi hún í för með sér jákvæðar afleiðingar fyrir samfélagið. Lönd sem innleiða refsikerfi með meðferðarúrræðum fyrir fanga falla að því leyti undir gagnsemishyggju. Í þeim löndum þar sem dregið hefur úr notkun úrræða fyrir fanga er endurgjaldssjónarmiðið sterkara þar sem áherslan er á að refsa til jafns á við framið brot.

4.1 Úrræði á Íslandi

Þar sem hátt hlutfall afbrota á Íslandi eru framin í tengslum við fíkniefni er þörfin á úrræðum fyrir þennan hóp mikil.¹ Í skýrslu Fangelsismálastofnunar kemur fram að á árunum 2009 til 2011 voru að meðaltali 31,8 prósent brota sem voru tilefni fangavistar, fíkniefnabrot. Stærsti hlutur brota á Íslandi eru því fíkniefnabrot. Þá eru frátalin önnur afbrot framin undir áhrifum

¹ Upplýsingar um hlutfall afbrota tengd fíkniefnum má finna í ársskýrslum á vef Fangelsismálastofnunar Ríkisinsins www.fangelsi.is.

áfengis- eða fíkniefna. Þetta hlutfall hefur hækkað þó nokkuð á síðustu tíu árum, farið úr 25 prósentum árið 2000 upp í 30 prósent árið 2011. Þegar litið er til brota sem voru tilefni samfélagsþjónustu eru fíkniefnabrot með annað hæsta hlutfall brota. Umferðarlagabrot eru þar lang stærsta hlutfall tilefnis samfélagsþjónustu (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-c).

Samfélagsþjónusta er úrræði sem tók gildi á Íslandi 1. janúar 1995. Fyrstu tvö árin var aðeins unnt að fullnusta allt að þriggja mánaða óskilorðisbundinn dóm með samfélagsþjónustu. Árið 1998 var þessi tími hækkaður upp í sex mánuði. Eins var heimilað að beita samfélagsþjónustu til að fullnusta blönduðum dómum, þegar hluti refsivistar er skilorðisbundinn (Baumer o.fl, 2001). Árið 2011 var tíminn hækkaður í níu mánuði. Fangelsismálastofnun ákveður hvort fangi sé hæfur til að fullnusta dóm sinn með samfélagsþjónustu. Samfélagsþjónusta er bundin ýmsum skilyrðum. Fangar mega ekki eiga mál til meðferðar þar sem þeir eru ákærðir um refsiverðan verknað. Eins mega þeir ekki gerast sekir um slíkan verknað á meðan á afplánunartímabilinu stendur. Þeir þurfa einnig að hlíta skilyrðum um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni og svo framvegis. Þá er einnig haft umsjón með þeim á meðan á samfélagsþjónustu stendur (Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005).

Afbrot eru oft framin af einstaklingum sem eiga við félagslega erfiðleika að stríða (Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales, 2012c). Kostirnir við að byggja upp góð fangelsi með endurhæfingu og menntun að markmiði eru því margir.

4.2 Reynslulausn

Mikilvægasti tilgangur reynslulausnar er að hjálpa föngum að komast úr umhverfi refsikerfisins og aðlagast samfélaginu á ný. Að afplánunartíma liðnum er vonast til þess að fanginn verði endurhæfður og tilbúinn að snúa aftur í samfélagið. Þessi leið er notuð svo lengi sem almennum borgurum stafar ekki hætta af fanganum. Fanginn þarf að uppfylla ákveðin skilyrði og vera undir eftirliti allt til loka afplánunartímans. Ef fangi brýtur skilyrði reynslulausnar er hann fangelsaður aftur og getur afplánunartíminn lengst í kjölfarið (The Parole System, 1971). Nánar verður fjallað um skilyrði reynslulausnar á Íslandi og í Englandi þegar farið verður yfir notkun reynslulausnar í þessum löndum.

Auk þess að hjálpa til við endurhæfingu og aðlögun skilar styttri vistunartími fanga í fangelsum sér í auknu fangarými. Þá þurfa afbrotamenn að bíða skemur eftir að afplána fangelsisvist. Reynslulausn sem úrræði fyrir góða hegðun getur einnig hjálpað til við aukið aðhald og hegðun innan fangelsanna. Með aðhaldi og eftirliti við vinnu og líf í samfélaginu er

reynslulausn talin hjálpa föngum að venjast og aðlaga sig samfélaginu (Ellis og Marshall, 2000).

4.2.1 Kenningar um reynslulausn

Fjallað er um þær kenningarlegu forsendur sem liggja að baki reynslulausnar í bókinni *University of Pennsylvania Law Review* sem kom út árið 1971. Þar eru settar fram fimm kenningar um reynslulausn. Fyrsta kenningin er náðun (e. *grace*), en hún leggur áherslu á miskunnarsemi kerfisins og yfirvalda sem heimila reynslulausn. Reynslulausn er álitin gjöf yfirvaldsins, og því geta skilyrði hennar verið háð þeim sem hana veita. Þá geta þeir eins afturkallað lausnina sama hverjar forsendurnar eru og samt haldið velli til varnar ákvörðuninni. Önnur kenningin er samningarkenning (e. *contract*). Hún fjallar um þann samning sem fangar skrifa undir þegar þeim er veitt reynslulausn. Gert er ráð fyrir því að fanginn samþykki samninginn og skilyrði reynslulausnarinnar. Ef fangi samþykkir ekki samninginn er honum ekki heimiluð reynslulausn. Þriðja kenningin er varðhaldskennningin (e. *custody*). Þegar fangi hlýtur reynslulausn er hann enn í umsjá yfirvalds (varða, reynslulausnarnefndar eða annarra sem falið er að hafa umsjá með honum) allt til loka afplánunartímans. Fangi á reynslulausn er ennþá í varðhaldi og athafnir hans takmarkaðar af því. Þetta veitir honum þjálfun í að hlýða yfirvaldinu og fara eftir settum reglum. Fjórða kenningin sem fjallað er um er þrotakenningin (e. *exhausted rights*). Kjarni hennar liggur í því að reynslulausn er hluti refsikerfisins en ekki hluti dómsferilsins. Þegar fangi hefur verið dæmdur eru stjórnarskrárleg réttindi hans afnumin þar til dómurinn hefur verið afplánaður. Kenningin felur í sér að með reynslulausn fái fanginn hluta réttinda sinna aftur. Fimmta kenningin er „*Parens Patriae*“ á latínu og þýðir foreldrar þjóðarinnar. Þessi kenning er byggð á endurhæfingarmódeli og takmarkar réttindi fanga á sjálfræði og sveigjanleika í endurhæfingu fangans (The Parole System, 1971).

Þessar kenningar um reynslulausn samræmast kenningum um gagnsemi. Reynslulausn miðar að því að veita fanganum aukinn rétt og gera hann að einhverju leyti ábyrgan fyrir framtíð sinni. Hann þarf að uppfylla ákveðin skilyrði og sína fram á að hann sé ábyrgur samfélagsþegn og fær um að hlýða yfirvaldinu. Reynslulausn leggur þannig áherslu á hvaða niðurstaða er best bæði fyrir afbrotamanninn og samfélagið í heild sinni. Þrátt fyrir að gagnsemiskenningar einblíni ekki endilega á fangann sjálfan felur það í sér gagnsemi fyrir samfélagið ef hann fremur ekki fleiri afbrot. Markmiðið er að fanginn komi betri út í samfélagið og með því er reynt að koma í veg fyrir ítrekunartíðni afbrota.

4.2.2 Reynslulausn fyrir áfengis- og fíkniefnaneytendur

Reynslulausn fyrir áfengis- eða fíkniefnanotendur, sem felur í sér meðferð að lokinni afplánun, hefur borið árangur í að koma í veg fyrir endurkomu fanga. Rannsókn Zanis og fleiri (2003) á afbrotamönnum með áfengis- eða fíkniefnavanda sýndi að 22 prósent þeirra sem tóku þátt í meðferðarúrræði eftir að hafa verið veitt reynslulausn frömdu afbrot aftur innan tveggja ára. Þriðjungur afbrotamanna sem ekki tóku þátt í meðferð frömdu aftur afbrot á þessu tímabili. Auk þess frömdu aðeins 11,8 prósent þeirra sem luku við meðferðina afbrot aftur innan tveggja ára.

Í Bandaríkjunum hefur reynslulausn verið notuð í sífellt minni mæli, aðallega vegna aukningu í dómum með fyrirfram ákveðinn vistunartíma. Eins var mikil aukning í endurkomu þeirra fanga sem nýttu sér reynslulausn á árunum 1977 til 2000 sem leiddi til þess að úrræðið var ekki talið árangursríkt (Travis og Lawrence, 2002). Rannsóknir þar í landi sýndu fram á neikvæðar afleiðingar reynslulausnar á endurkomu fanga. Það er eftir því sem reynslulausn var notuð í meira mæli jukust endurkomur fanga. Þetta má rekja til skorts á stuðnings- og eftirlitskerfi fyrir fanga í Bandaríkjunum. Reynslulausn er vandmeðfarið úrræði og nauðsynlegar undirstöður þurfa að vera til staðar til að það sé árangursríkt. Til að reynslulausn feli í sér mestu gagnsemina fyrir almenning er nauðsynlegt að fanginn sjálfur uppfylli ákveðin skilyrði. Persónlegar aðstæður eins og stuðningur frá fjölskyldu, félagsleg einangrun, atvinnumöguleikar, áfengis- og fíkniefnaneysla og heilsufarslegar ástæður eru allt þættir sem geta haft áhrif á endurkomutíðni fanga (Robinson, 2005).


5 Ísland

Lág afbrotatíðni hefur lengi verið einkennandi fyrir íslenskt samfélag þrátt fyrir stöðuga aukningu frá 1990. Afbrotafræðingar hafa flokkað Ísland sem einsleitt og samheldið þjóðfélag, en þeir eiginleikar eru taldir styrkja félagslegt taumhald og koma í veg fyrir afbrot (Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir, 2006; Helgi Gunnlaugsson, 2011). Á Íslandi, líkt og í öðrum löndum, er sífellt verið að athuga hvort afbrotatíðni sé að aukast. Til að meta það hafa mismunandi tímabil verið borin saman og eins hefur verið gerður samanburður á Íslandi og öðrum löndum (Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir, 2006). Samanburður við önnur lönd gerir fólki kleift að öðlast frekari skilning á stöðu landsins og auka sjálfsmeðvitund þjóða. Þar sem Ísland er einsleitt og samheldið samfélag vekja afbrot einstaklinga oft sterkar tilfinningar. Minni aðskilnaður er hér á landi milli þeirra sem eiga aðild að einstökum málum og á framkvæmdar- og lagavaldinu. Þessi nálægð gerir það að verkum að viðhorf almennings hafa meiri áhrif á ríkisvaldið og fræðasamfélagið. Þannig verða mál sveitarfélaganna oft hvati fyrir umfjöllunarefni rannsókna og skýrslna (Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Ísland er félagslega og menningarlega ólíkt mörgum öðrum löndum og skapar því annað sjónarhorn sem tilvalið er að nota til samanburðarrannsókna. Afbrotafræðilegum rannsóknum á Íslandi var lengi vel ábótavant og skráning og varðveisla opinberra gagna ekki mjög markviss. Það hefur batnað og bæði Lögreglan í Reykjavík og Ríkislögreglustjóri hafa gefið út árlega skýrslu um starfsemi sína frá 2001. Frá 1989 hefur einnig Fangelsismálastofnun ríkisins gefið árlega út ítarlega skýrslu um stöðu fangelsismála (Baumer o.fl, 2001; Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Þrír þættir hafa lykiláhrif á fangatíðni landa; fjöldi fanga sem dæmdir eru í gæsluvarðhald eða fangelsi, meðallengd dóma og hvort heimilað sé að leysa fanga snemma úr haldi (National Audit Office, 2005). Á mynd 1 má sjá þróun fangatíðni á Íslandi í lok hvers árs á tímabilinu 1995 til 2011. Fjöldi fanga hefur farið úr rúmlega 80 föngum árið 1995 upp í rúmlega 150 fanga árið 2011. Skýringuna á þessu má að hluta til finna í aukinni lengd dóma. Lagalegar breytingar á leyfilegri lengd dóma hafa verið gerðar á síðustu árum. Í flestum Evrópulöndum er lífstíðadómur hámarksrefsingin innan refsikerfisins. Lífstíðardómur þýðir ekki endilega að afbrotamaður sitji í fangelsi allt sitt líf. Flest lönd bjóða upp á möguleika á endurupptöku mála og fangar geta því verið leystir fyrir úr haldi. Lágmarksmörk lífstíðardóms eru breytileg eftir löndum, allt frá tíu árum í Belgíu að þrjátíu árum í Estóníu (Dessecker, 2011). Á Íslandi kveða hegningarlög á um að leyfilegt sé að dæma menn í fangelsi ævilangt

og ekki skemur en þrjátíu daga (Almenn hegningarlög nr. 34/1940). Refsiramminn er því frá þrjátíu dögum að ævilöngu fangelsi en þegar um manndráp er að ræða eru neðri mörk



Mynd 1. Fjöldi fanga í afplánun á Íslandi í lok hvers árs, árin 1995 til 2011 (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-c; Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-d).

refsirammans fimm ár (Almenn hegningarlög nr. 211/1940). Á þessu tímabili eiga fangar möguleika á náðun, svo sem reynslulausn. Það sama á við um flest önnur lönd í Evrópu. Dómur kveður á um lágmarks afplánunartíma, en eftir þann tíma eiga fangar möguleika á að vera leystir úr haldi. Prósentumeðaltal í Evrópu yfir fjölda fanga sem afplána lífstíðardóm er tiltölulega lágt, eða 3 prósent fanga. Tyrkland er efst á lista, en þar á eftir kemur England með 14,5 prósent fanga sem afplána lífstíðardóm (Dessecker, 2011). Þrátt fyrir aukningu í lengd dóma síðustu ár eru dómur á Íslandi tiltölulega stuttir bornir saman við önnur lönd. Til að mynda voru stuttir og vægir dómur gagnrýndir í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðu mannréttindamála á Íslandi (Sameinuðu þjóðirnar, 2011).

Á árunum 2000 til 2008 má sjá tilhneigingu til lengri dóma en áður. Til dæmis voru 12 prósent allra dóma árið 2000 fangelsisvist í tólf mánuði eða lengur en árið 2008 jókst hlutfallið upp í 16 prósent (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Þessa aukningu má túlka sem skref í áttina að harðari refsingum líkt og sjá má í Bandaríkjunum og víðar. Gagnrýni Sameinuðu þjóðanna er því í samræmi við kröfu almennings um harðari dóma. Þessa aukning í átt að lengri dómum getur þó einnig borið í sér ákveðna gagnsemi ef úrræði innan fangelsanna eru virk. Fangar geta þá verið lengur í þeirri meðferð sem gagnast þeim til að aðlagast samfélaginu að nýju. Ef fangelsi bjóða hvorki upp á meðferðarúrræði né leggja áherslu á

umbætur felur refsingin í sér litla gagnsemi. Þá mætti frekar tengja ríkjandi sjónarmið og dóma við endurgjald.

5.1 Fangelsismál á Íslandi

Staða fangelsismála á Íslandi var einnig gagnrýnd í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðu mannréttindamála. Elstu fangelsin voru ekki talin standast nútímakröfur, biðlisti væri of langur og staða ungra afbrotamanna og kvenfanga ekki talin nógu góð (United Nations, 2011). Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga hér á landi. Í skýrslu Ríkisendurkoðanda (2010) til Alþingis kom fram að á árunum 2005 til 2009 hafi meðalbiðtími á boðunarlista fangelsismálastofnunnar lengst um 4,5 mánuði, eða 121 prósent. Þá höfðu um fimmtán dómþolar beðið lengur en þrjú ár eftir að hefja afplánun í lok árs 2009, en þeir sem sæta afplánun fyrir ofbeldisbrot og teljast hættulegir eru teknir fram yfir aðra dómþola. Vegna skorts á rými í fangelsunum voru óskilorðsbundnir dómur byrjaðir að farnast árið 2010. Ríkisendurskoðun (2010) bendir á að það ógni réttaröryggi almennings og dragi úr varnaðaráhrifum fangelsisrefsinga, enda hafi dómur lítinn tilgang sé þeim ekki fullnustað. Þetta getur leitt til vantrausts almennings á stofnunum ríkisins.

Öll fangelsi á Íslandi eru í eign ríkisins og rekin af því. Íslenskum fangelsum er skipt niður í tvo flokka; annar fyrir dæmda afbrotamenn sem afplána dóm og hinn fyrir þá sem haldið er í varðhaldi og einangrun á meðan meðferð málsins á sér stað (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Fangelsin eru sex talsins og eru notuð í misjöfnun tilgangi eftir afbrotum fanganna. Litla-Hraun er gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi staðsett á Suðvestur Íslandi. Það er stærsta fangelsi landsins og þar er öryggisgæsla í hámarki (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-a). Á Litla-Hrauni dvelja 87 fangar, eða meira en helmingur fanga á Íslandi (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Þar er að finna ýmsa afþreyingu bæði innan og utandyra og mögulegt er að stunda nám. Hegningahúsið er staðsett við Skólavörðustíg í Reykjavík og hefur fangarými fyrir alls sextán manns. Aðstaða þar er fábreytileg og uppfyllir ekki þær kröfur sem tilheyra nútíma fangelsisrekstri. Það er því aðallega notað sem móttökufangelsi fyrir fanga sem eru að hefja afplánun. Fangelsið í Kópavogi vistar aðeins kvenmannsfanga og tekur alls tólf fanga (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-a). Hlutfall kvenmannsfanga hefur alltaf verið lágt á Íslandi, en frá 1995 hafa aldrei fleiri en sex konur á ári sætt fangavist (Hagstofa Íslands, 2011). Fangelsið hefur því verið nýtt fyrir karlmenn með tilliti til alvarleika brotsins sem þeir hafa framið. Kvíabryggja á Vesturlandi er fangelsi með litla öryggisgæslu og því reynt að vista þar fanga sem hafa lítinn sakaferil og er treystandi við slíkar aðstæður. Fangar þurfa að vera vel vinnufærir og duglegir, en það er skilyrði þess að fá vistun þar. Á Norðurlandi er

fangelsið á Akureyri og þar er góð aðstaða fyrir tíu fanga. Skilyrði fyrir dvöl þar er að fangar hafi tekist á við vímuefnavanda sinn og taki virkan þátt í endurhæfingaráætlun. Eins þurfa þeir að taka þátt í námi og vinnu meðan á afplánun stendur (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-a). Árið 2009 voru 137 fangaklefar alls á Ísland. Þessir fangaklefar hafa verið nýttir til fulls síðastliðin ár (Helgi Gunnlaugsson, 2011).


Lengi hefur staðið til að bæta stöðu fangelsismála á Íslandi. Í byrjun árs 2012 var tekið til notkunar nýtt fangelsi á Selfossi, fangelsið Sogn. Það er skilgreint sem opið fangelsi sem felur í sér að engir múrar eða girðingar afmarka það. Því þurfa fangar sem fá vistun á Sogni að sýna fram á ábyrga hegðun. Aðstaða er fyrir tuttugu fanga sem ætlað er að stunda bæði nám og vinnu (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-a). Nú stendur einnig til að byggja fangelsi á Hólmsheiði í Reykjavík sem stefnt er á að verði tilbúið til notkunar 2015 (Innanríkisráðuneytið, 2012). Það fangelsi hefur verið lengi í bígerð, en árið 2004 gaf Fangelsismálastofnun ríkisins út skjal þar sem fjallað er um framtíð uppbyggingu fangelsanna. Þar kemur fram að meginstarfsemi fangelsisins á Hólmsheiði eigi að vera skipulögð með tilliti til meðferðar, vinnu, náms og tólmstundarstarfs fanga. Eins er ætlunin að byggja upp góða aðstöðu fyrir heilbrigðisstarfsfólk, sérfræðinga og aðra ráðgjafa sem sjá um meðferð og greiningu á föngum. Ætlað er að þar verði afeitrunar- og meðferðardeild fyrir fanga með erfiðleika og sjúkdóma sem tengjast vímuefnaneyslu og geðrænum vandamálum. Oft uppfylla þessir fangar ekki skilyrði til vistunar á meðferðarstofnun utan fangelsa og því þykir brýnt að innleiða þessa aðstöðu í fangelsin. Eins verður þar sjúkradeild fyrir fanga með geðræn vandamál. Vistun fyrir fanga sem glíma við geðræn vandamál hefur lengi verið ábótavant á Íslandi og þeir hafa átt erfitt með að fá vistun á geðsjúkrahúsum. Í fangelsinu verða 56 fangarými og í framhaldi af opnun þess stendur til að loka fangelsinu á Skólavörðustíg og fangelsinu í Kópavogi. Gæsluvarðhaldsdeild á Litla-Hrauni verður einnig lokuð og aðstaðan notuð fyrir afplánun. Áætlað er að fangar sem fengið hafa meðferð á afeitrunar- og meðferðardeildinni í fangelsinu á Hólmsheiði verði vistaðir á Litla-Hrauni. Þar gefst þeim kostur á framhaldsmeðferð hjá sálfræðingum og heilbrigðisstarfsmönnum. Þar stendur einnig til að bæta aðstöðu heimsóknargesta og koma upp fjórum til sex fangaklefum fyrir konur í langtímaafplánun (Fangelsismálastofnun ríkisins, 2004).

5.2 Notkun reynslulausnar

Á Íslandi voru ákvæði um reynslulausn fyrst sett með setningu almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt hegningarlögum hefur dómsmálaráðherra heimild til að veita reynslulausn, eða annað stjórnvald sem hann felur meðferð mála. Fangi þarf að uppfylla

ákveðin skilyrði, svo sem hafa séð að sér, hafa hentugan samastað og vinnu eða annað sem nægir honum til lífsuppheldis (Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, 2004). Þá er föngum sem ekki sitja inni fyrir alvarlegt eða gróft brot heimilt að nýta sér reynslulausn eftir helming refsitímans, en þeir sem sitja inni fyrir alvarlegri brot eftir 2/3 hluta hans (Fangelsismálastofnun, e.d.-b). Á meðan á reynslulausn stendur sætir fangi eftirliti, en hegðun hans þarf að vera reglusöm og ekki er leyfilegt að taka þátt í neinum refsiverðum verknaði. Ýmsar lagalegar breytingar hafa verið gerðar síðan lögin voru fyrst sett. Þá helst að lágmarkstími afplánunar áður en reynslulausn er veitt hefur verið lækkaður úr átta mánuðum niður í þrjá mánuði. Eins hefur Fangelsismálastofnun nú heimild til að veita reynslulausn í stað dómsmálaráðherra. Fangelsismálastofnun hafði þó áður verið það stjórnvald sem dómsmálaráðherra fól að sjá um meðferð mála og því var ekki um breytingu á framkvæmd að ræða (Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, 2004).

Síðustu ár hefur reynslulausn verið veitt í auknum mæli hér á landi og sífellt fleiri afbrotamenn afplánað styttri tíma innan fangelsisins. Árið 2008 lauk aðeins fjórðungur fanga allri afplánun sinni á meðan rúmlega 70 prósent fengu reynslulausn (Fangelsismálastofnun,



Mynd 2. Veittar reynslulausnir og rof á skilyrðum þeirra árin 2000 - 2011 (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-c; Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-d²).

² Fangelsismálastofnun hafði ekki birt upplýsingar um rof á skilyrðum reynslulausnar árin 2009 til 2011.

e.d.-b). Skilyrðin sem fangi þarf að uppfylla eru af tvennum toga; að gerast ekki sekur um brot á skilorðstímanum og að sæta umsjón einstakra manna, félags eða stofnunnar. Auk þessara skilyrða geta verið ákveðin sérskilyrði en þau eru einstaklingsbundin (Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, 2004). Hér á Íslandi hefur reynslulausn verið notuð með góðum árangri, þar sem aðeins lítið hlutfall fanga rýfur skilyrði reynslulausnarinnar (Fangelsismálastofnun, e.d.-b). Á mynd 2 má sjá veittar reynslulausnir frá árinu 2000 til 2011. Veiting reynslulausnar hefur aukist, farið úr rúmlega áttatíu veittum reynslulausnum árið 2000 í kringum 160 árið 2011.

5.3 Endurkomur fanga

Hægt er að reikna endurkomutíðni á tvennan hátt, annars vegar reikna hlutfall fanga sem fá nýjan dóm innan skilgreinds tíma frá því afplánun þeirra lauk og hins vegar hlutfall fanga sem áður hafa afplánað dóm í fangelsi (Ríkisendurskoðun, 2010). Rannsóknir á endurkomutíðni eru taldar mikilvægar fyrir stjórnvöld til að mögulegt sé að skapa árangursríka stefnumótun í afbrotamálum (Baumer o.fl, 2001). Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir á endurkomum fanga hérlendis. Frá 1990 á Íslandi hefur fongum sem eiga við áfengis- eða fíkniefnaneyslu að stríða gefist kostur á að ljúka síðustu sex vikum afplánunarinnar í áfengis- og fíkniefnameðferð hjá SÁÁ. Eins er meðferðarheimilið í Hlaðgerðarkoti notað til vistunar fanga í áfengis- eða fíkniefnameðferð. Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um hvort fangi uppfylli skilyrði til vistunar í vímuefnameðferð, en forsenda þess er að fanginn lúti öllum fyrirætlum og reglum sem settar eru í meðferðinni. Markmið vímuefnameðferða fanga er að undirbúa þá betur undir lífið að lokinni afplánun (Fangelsismálastofnun, e.d.). Jón Friðrik Sigurðsson og Erlendur S. Baldursson (1998) gerðu samanburðarrannsókn á endurkomum fanga sem luku og luku ekki meðferð á árunum 1990 til 1993. Á þessu tímabili höfðu 120 fangar fengið tækifæri til að ljúka afplánun í meðferð hjá SÁÁ. Niðurstöður þeirra voru að 53 prósent fanga sem luku meðferð komu aftur, á móti 86 prósent þeirra sem ekki luku meðferð. Endurkomutíðni áfengis- og fíkniefnaneytenda á þessum árum var nokkuð há, eða um 63 prósent.

Eric Baumer og fleiri (2001) gerðu rannsókn á ítrekunartíðni afbrota á Íslandi á árunum 1994 til 1998. Niðurstöður þeirra sýndu að um fjórðungur einstaklinga sem fengu skilorðsbundinn dóm luku afplánun í fangelsi eða með samfélagsþjónustu voru fangelsaðir á ný og þriðjungur hlaut nýjan dóm. Þegar aðeins var skoðað þá sem luku afplánun í fangelsi var ítrekunartíðni hærri, eða 37 prósent sem fangelsaðir voru á ný. Enn fleiri fengu nýjan dóm, 44 prósent, og lögreglan þurfti að hafa afskipti af 73 prósentum þeirra á ný innan fimm

ára. Greining þeirra sýndi meðal annars að ítrekunartíðni var hæst meðal ungra karlmannna. Eins voru vísbendingar um að ítrekunartíðni væri hærrí hjá þeim sem hlutu lengri dóma. Síðustu ár hefur tíðni fanga sem áður hafa setið inni farið lækkandi. Á tímabilinu 2000 til 2008 höfðu um 40 prósent fanga áður setið inni. Erfitt er að segja til um hvað veldur þessari lækkun en úrræði fyrir fanga eins og vímuefna meðferðir geta mögulega skýrt hluta lækkunarinnar (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Hlutfall fanga sem setið hafa áður í fangelsi hefur lækkað lítillega frá árinu 2005, farið úr 53 prósentum árið 2005 niður í 45 prósent árið 2009 (Ríkisendurskoðun, 2010).


Í samanburðarrannsókn sem gerð var á Norðurlöndunum árið 2010 kom Ísland vel út hvað varðar endurkomu fanga. Einungis 27 prósent þeirra sem luku afplánun fengu annan dóm innan tveggja ára. Aðeins Noregur var með lægra hlutfall endurkomu, eða um 20 prósent. Á Íslandi höfðu 16 prósent þeirra sem hófu afplánun með samfélagsþjónustu eða öðrum úrræðum fengið nýjan refsídóm innan tveggja ára. Þessi niðurstaða sýnir að úrræði hér á landi, eins og samfélagsþjónusta og reynslulausn, hafa borið góðan árangur hvað varðar lækkun í endurkomu fanga. Þrátt fyrir að Ísland sé ekki með lægstu endurkomutíðni fanga á Norðurlöndunum er það með lægstu endurkomu fanga þegar þessi úrræði eru nýtt. Þó er ekki hægt að túlka þessar niðurstöður aðeins út frá því að meðferð úrræða sé lakari í öðrum Norðurlöndum heldur skiptir refsistefna máli varðandi endurkomur. Í Noregi til dæmis eru fleiri sem sitja inni fyrir umferðarlagabrot og hafa endurkomur þeirra áhrif á þessar tölur (Graunbøl o.fl., 2010).

6 England

Bretland, líkt og Bandaríkin, er land þar sem afbrotatíðni hefur almennt verið há í gegnum tíðina. Upp úr 1970 einkenndist stefna breskra stjórnvalda af því að fresta afplánunum undir sex mánaða fangelsisvist nema brotið væri ofbeldisfullt. Þá voru úrræði eins og samfélagsþjónusta notuð í miklum mæli og reynslulausnarnefnd leysti fanga úr haldi eftir að þeir höfðu lokið þriðjungi afplánunarinnar. Á sama tíma í Bandaríkjunum átti endurhæfingarsjónarmiðið, sem notið hafði vinsælda í kringum 1960 og fyrr, undir högg að sækja. Í Englandi hins vegar var almennt reynt að halda fangatíðni í lágmarki. Að hluta til varð það vegna kostnaðar og hræðslu við að yfirfylla fangelsin en eins vegna ríkjandi skoðanna um að fangelsun væri röng leið til að meðhöndla afbrotamenn (Wilson, 1997). Þessi refsistefna gerði það að verkum að fangatíðni á níunda áratugnum var tiltölulega lág í Bretlandi borið saman við Bandaríkin. Upphaf hinnar nýju refsistefnu í Bretlandi má finna hjá ríkisstjórn Margaret Thatcher á miðjum níunda áratug tuttugustu aldarinnar (Sim, 2004). Síðan 1993, þegar fangatíðni í Englandi náði lágmarki hefur aukning fangatíðni verið gífurleg, eða um 3,7 prósent á ári (Young og Hoyle, 2003; Berman, 2012). Árið 2003 var fjöldi fanga kominn upp í sjötíu þúsund og jókst enn að meðaltali um fjögurhundruð fanga á viku (Young og Hoyle, 2003). Árið 2008 fór fangatíðni í fyrsta skipti í sögunni fram yfir vistunargetu fangelsanna. Í desember 2011 var metfjöldi fanga í sögu Englands, eða 88.179 fangar. Hækkun fangatíðni þetta árið má að hluta til rekja til fangelsunar einstaklinga sem áttu þátt í óeirðunum í ágúst 2011, en í kjölfar þeirra voru um níuhundruð afbrotamenn teknir í varðhald. Þó er ekki hægt að rekja hækkunina eingöngu til óeirðanna en eins og þessar tölur sýna hefur fangatíðni í Englandi aukist jafnt og þétt á síðustu öld. Í lok apríl 2012 voru 62 prósent fangelsa í Englandi yfirfull (Berman, 2012).

Dómsmálaráðuneyti Englands gaf út skýrslu árið 2009 sem skýra átti þessa miklu aukningu á fangatíðni. Þar kemur fram að á árunum 1995 til 2009 hafi fangatíðni í Englandi aukist um 66 prósent. Á mynd 3 má sjá aukningu fangatíðni á árunum 1995 til 2011. Hækkunin átti sér stað að stærstum hluta hjá þeim sem dæmdir voru í tafaralaust varðhald (e. *immediate custody*), 78 prósent aukningarinnar, og hjá þeim sem rufu skilyrði lausnar (reynslulausn eða samfélagsþjónustu), 16 prósent aukningarinnar. Sú stefna að dæma fleiri fanga í tafarlaust varðhald má rekja til þess að fleiri afbrotamenn fengu dóm en áður á tímabilinu 1995 til 2002 og dómarnir voru lengri. Aukningu fanga sem rufu skilyrði lausnar má rekja til fleiri afbrotamanna sem fengu lausn á skilyrðum og lausnin var veitt fyrr en áður sem gerði það að verkum að eftirlit með þeim lengdist (Dómsmálaráðuneyti Englands og

Wales, 2009). Þessi stefna í átt að auknu varðhaldi og lengri dómum hefur ekki verið mjög áhrifarík. Kostnaður refsikerfisins frá 2000 til 2010 jókst um helming á meðan endurkomur fanga voru enn tíðar. Næstum helmingur fullorðinna fanga sem leystur var úr haldi braut aftur af sér innan árs og um 75 prósent ungmenna. Fangelsin fylltust í framhaldinu og stytta þurfti dóma og leysa fanga fyrr úr haldi. Fram kemur í skýrslu Dómsmálaráðuneytisins að mistök þessarar stefnu séu fyrst og fremst að kenna skorti á umbótum og endurhæfingu, en það hafi orsakað met í endurkomutíðni fanga. Sú leið sem farin hefur verið er því ekki talin skilvirk og



Mynd 3. Fangatíðni í Englandi árin 1995 - 2011 (Berman, 2012).

ætlunin á næstu árum er að leggja aukna áhersla á endurhæfingu og umbætur innan refsikerfisins (Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales, 2010).

Frá 2004 hefur hins vegar afplánunartími lækkað. Lækkunin gæti stafað af fleiri dómum með óákveðin vistunartíma til verndar almennings (e. *Indeterminate Sentencing for Public Protection*). Þessi hópur er ekki tekin í reikningin þegar gefið er upp meðaltal afplánunartíma. Frá 2000 til 2008 lengdist meðaltími afplánunar í fangelsi um 14 prósent þegar undanskildir eru dómar með óákveðin afplánunartíma. Þessa aukningu má meðal annars rekja til þess að mun færri föngum var veitt reynslulausn árið 2007 sem þýðir að fangar afplána dóm sinn lengur í fangelsi en áður. (Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales, 2009). Í Englandi eru dómar með bæði ákveðinn og óákveðinn tíma. Dómar með ákveðinn tíma kveða á um að fangar verði leystir úr haldi við lok þess tíma sem dómurinn segir til um. Ótímabundnir dómar, eins og lífstíðardómar og fangelsisdómar til verndar almennings, eru ekki með neinn ákveðinn tíma sem sjálfkrafa leysir fanga úr haldi. Þeir eru þá aðeins með lágmarksmörk afplánunar sem þýðir þó ekki endilega að þeir verði leystir úr haldi eftir þann

tíma. Reynslulausnarnefnd ákveður þá hvort öruggt sé fyrir almenning að leysa fangann úr haldi. Lengd og gerð lífstíðardóms veltur á aldri afbrotamannsins og alvarleika afbrotsins. Staðan á Englandi í júlí 2012 var sú að rúmur þriðjungur dæmdra fanga afplána tímabundinn dóm upp á meira en fjögur ár. Fimmtungur fanga afplánar ótímabundinn dóm, svo sem lífstíðardóm til varnar almenningi (Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales, 2012a).

6.1 Fangelsin í Englandi

Í Englandi eru alls 139 fangelsi. Stærsta fangelsið rúmar allt að fimmtán hundruð fanga og það minnsta um 145. Flest fangelsin eru ríkisrekin af Fangelsisþjónustu hennar hátignar (e. *Her Majesty Prison Service*). Árið 1996 var lagt fram gagnrýnið mat af ædstu eftirlitsmönnum hennar hátignar (e. *Her Majesty's Chief Inspectors of Prisons*) á aðstæðum í fangelsum þar í landi. Þá var heilbrigðisþjónusta í höndum heilbrigðisstarfsmanna fangelsanna (bæði lækna og hjúkrunarfólks) sem oft höfðu takmarkaða hæfni og veittu aðeins meðferð við algengustu heilsufarsvandamálum. Eftir endurskipulag í umsjá heilbrigðisþjónustu fangelsanna tók Alþjóðlega heilsuþjónustan (NHS) að sér að annast heilbrigðisþjónustu fanga. Síðan þá hefur aðstaðan batnað og fangar hljóta nú sömu þjónustu og almennir borgarar (Hayton og Boyington, 2006). Þrátt fyrir umbætur í heilbrigðisþjónustu fanga síðustu árin er ýmislegt ábótavant í fangelsum Englands.

Sim (2004) telur að um sé að ræða flókin tengsl valdamikilla afla, á vegum stjórn mála, dómsvalds og fjölmiðla, sem standi á bak við þyngri stefnu í afbrotum á síðustu árum. Hann gagnrýnir jafnframt hvernig fangelsin hafa orðið að stofnun sem hefur það að markmiði að betrubæta fanga með hjálp sérfræðinga á meðan ekki eru skoðaðar þær félags- og efnahagslegu aðstæður sem áberandi meirihluti þeirra kemur frá. Stærsta vandamálið tengist yfirfullum fangelsum þar í landi. Fangelsi eru talin yfirfull þegar fjöldi fanga fer fram úr staðfestum fjölda vistunarplássna (CNA). CNA ákvarðar viðeigandi fjölda fanga í fangelsum sem fangelsismálastofnun leitast við að fylgja. Í enda apríl 2012 voru 62 prósent fangelsa í Englandi yfirfull samkvæmt CNA stuðlinum. Nothæft fangelsisrými (e. *usable operational capacity*) er þegar miðað er við hámarksfjölda fanga sem fangelsi getur tekið að gefnu tilliti til eftirlits, öryggis og fyrirhugaðrar stjórnaráætlunar. Í janúar 2012 voru þrjár stofnanir þar sem fjöldi fanga var yfir nothæfri vistunargetu þeirra (Berman, 2012). Yfirfull fangelsi geta haft ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir starfsemi fangelsanna. Fyrir utan þau óþægindi sem fylgja því að koma tveim föngum fyrir í eins manns klefum er einnig talið að yfirfull fangelsi leiði til aukinnar endurkomutíðni þar sem erfiðara reynist að veita föngum þá meðferð sem þeir þurfa. Mögulega er hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á endurkomutíðni með því að auka

tækifæri til menntunar innan fangelsanna, en menntunarmöguleikar fanga hafa verið afar takmarkaðir (National Audit Office, 2005). Reynsla fanga á fangelsisvist hefur einnig orðið neikvæðari og sjálfsmorð fanga tíðari (Sim, 2004).


6.2 Notkun reynslulausnar

Reynslulausn í Englandi var fyrst kynnt til sögunnar árið 1968. Þá fengu fangar sem afplánuðu dóm í meira en 18 mánuði reynslulausn undir eftirliti fyrr, eða þegar þeir höfðu lokið tveimur þriðju hluta afplánunarinnar. Misjafnt var hvort fangar afplánuðu seinasta þriðjung afplánunarinnar alla sem reynslulausn eða aðeins hluta hennar. Upp að miðjum níunda áratug hélst reynslulausn óbreytt. Þá var lagt til að breytingar yrðu gerðar á reynslulausn og árið 1992 voru breytingarnar settar í framkvæmd. Þær fólu í sér að fangar sem dæmdir voru í fangelsisvist til fjögurra ára eða meira var gert heimilt að sækja um reynslulausn þegar þeir höfðu afplánað helming til tveggja þriðju hluta afplánunarinnar. Á þessu tímabili lagði reynslulausnarnefnd mat á forsendur lausnar þeirra, en eftir þann tíma voru þeir sjálfkrafa leystir úr haldi undir eftirliti. Þeir fangar sem afplána minna en fjögur ár eru sjálfkrafa leystir úr haldi og ekki lengur teknir til mats hjá reynslulausnarnefnd. Þeir sem fá minna en tólf mánaða fangelsisdóm eiga ekki möguleika á reynslulausn. Líkt og á Íslandi eiga fangar hættu á að þurfa að afplána óútrunninn hluta dómsins ef þeir eru fundnir sekir um annað brot á þessu tímabili, það er ef þeir rjúfa skilyrði reynslulausnarinnar (Ellis og Marshall, 2000). Reynslulausnarnefndin í Englandi hefur það hlutverk að ákveða hvort fangar séu hæfir til að snúa aftur í samfélagið með öryggi almennings að leiðarljósi. Nefndin skoðar bæði mál fanga sem afplána óákveðin og ákveðin dóm (The Parole Board, 2012).

Þegar metið er hvort reynslulausn sé áhrifaríkt úrræði er aðallega litið til tveggja þátta; að losa fangelsispláss og endurkomutíðni fanga. Ef algengt er að fangar rjúfi skilyrði reynslulausnar, fremji afbrot á tímabilinu, getur það falið í sér fórnalamb sem ekki hefði orðið til ef fangi hefði afplánað allan dóm sinn í fangelsi. Fangar sem hljóta reynslulausn eru síður líklegri til að brjóta aftur af sér en erfitt er að meta hvort um sé að ræða áhrif reynslulausnar eða hvort endurkomutíðnin endurspeglar einungis val reynslulausnarnefndar (Ellis og Marshall, 2000).

Frá 2006 hefur reynslulausn verið notuð í minni mæli á Englandi. Það hefur orsakað aukningu á fangatíðni þar sem fleiri fangar afplána dóma með ákveðin vistunartíma í varðhaldi sem er svipuð þróun og hefur átt sér stað í Bandaríkjunum. Hlutfall þessa hóps hefur farið úr 56 prósentum árið 1999, upp í tæp 60 prósent árið 2005. Á mynd 4 eru veittar reynslulausnir frá árinu 2006/7 til 2011/12. Eins og sjá má hefur orðið mikil lækkun í veittum

reynslulausnum. Ástæðan fyrir því að óákveðnir dómur eru ekki teknir með í reikninginn er sú að þeir fela í sér lífstíðardóma. Ellis og Marshall (2000) benda á að reynslulausn fyrir þessa tvo hópa sé ekki sambærileg. Eina leiðin fyrir fanga sem afplána lífstíðardóm til að vera leystir úr haldi er reynslulausn. Forsendur þeirra eru því aðrar og áhrif reynslulausnar virka á annan hátt.



Mynd 4. Fjöldi fanga með ákveðinn dóm sem hlutu reynslulausn árin 2006 til 2012 (*The Parole Board for England and Wales, 2011/12*).

Reynslulausn hefur ýmis konar tilgang. Hún lækkar kostnað ríkisins og getur virkað sem hvati fyrir góða hegðun og aukið aðhald innan fangelsanna. Auk þess er hægt að sjá reynslulausn sem hluta endurhæfingarstefnunnar. Eins og fram hefur komið er markmiðið að veita föngum hjálp við að aðlagast samfélaginu með aðstoð við íbúðaleit, vinnu og svo framvegis. Eins með því að bjóða upp á meðferðir við áfengis- og fíknefnavanda, reiðistjórnun og kynferðisafbrotameðferð (Ellis og Marshall, 2000). Í Englandi hefur hins vegar komið í ljós að þessar meðferðaráætlanir eru lítið notaðar af föngum sem hlotið hafa reynslulausn (Hedderman o.fl., 1997). Ellis og Marshall (2000) rannsökuðu hvort þeir fangar sem hlutu reynslulausn væru síður líklegri til að vera dæmdir aftur. Úrtak þeirra samanstóð af um 46 þúsund föngum sem leystir voru úr haldi árið 1991. Þeir báru saman ítrekunartíðni afbrota rúmlega níu þúsund fanga sem hlutu og hlutu ekki reynslulausn. Niðurstöður þeirra sýndu að lægra hlutfall fanga sem fékk reynslulausn framdi afbrot aftur innan tveggja ára. Hlutfall ítrekunartíðni minnkaði um allt að fjórðung ef fangi hafði fengið reynslulausn. Eins kom fram að þrátt fyrir að þeir sem hlutu reynslulausn frömdu afbrot aftur innan tveggja ára,

leið mun lengri tími þar til afbrotið var framið heldur en hjá þeim sem afplánuðu fullan dóm. Það er reynslulausn fanga frestaði því að þeir fremdu afbrot aftur.

6.3 Endurkoma fanga

Í Englandi hefur endurkoma fanga verið viðvarandi vandamál og endurkomutíðni hefur haldist nokkuð stöðug frá árinu 2000. Þá er miðað við öll afbrot sem fara fyrir dóm eða veitt er áminning fyrir. Endurkomutíðni fanga sem snúa aftur innan árs er rétt undir 30 prósent, tæp 40 prósent fyrir tvö ár og rúmlega 50 prósent þegar miðað er við fimm ár. Þegar níu ára endurkomutíðni er skoðuð er hlutfallið komið upp í 60 prósent. Endurkomutíðni er almennt hærri hjá ungmennum en fullorðnum (Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales, 2012b). Dómsmálaráðuneyti Englands hefur unnið markvisst að því að lágmarka endurkomutíðni fanga síðustu ár. Nýlega var gerð könnun sem greindi félagslegar aðstæður þeirra fanga sem frömdu afbrot aftur. Þá kom í ljós að endurkomutíðni var mun hærri hjá þeim föngum sem höfðu búið við erfiðar aðstæður í æsku, til að mynda heimilisofbeldi, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi, verið útilokaðir í skóla og höfðu takmarkaða hæfni. Endurkomutíðni var hæst hjá þeim sem notað höfðu fíkniefni reglulega vikurnar áður en þeir voru teknir í varðhald. Af þeim hópi voru tæplega 70 prósent þeirra dæmdir aftur (Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales, 2012c)

Dómsmálaráðuneytið gerði samanburð á endurkomu fanga sem fengu annars vegar óskilorðsbundna og hins vegar skilorðsbundna dóma. Þeir sem fengu tvö til fjögur ár á skilorði voru síður líklegri til að fremja afbrot aftur en þeir sem dæmdir voru í varðhald eða fengu óskilorðsbundinn dóm. Tegund afbrots skiptir máli varðandi endurkomu fanga, en ungir afbrotamenn og þeir sem dæmdir eru fyrir eignarhaldsafbrot eru líklegri til að brjóta af sér aftur. Með öðrum orðum, þeir afbrotamenn sem afplána styttri dóma eru líklegri til að verða síbrotamenn (SEU, 2002).

7 Samantekt

Deilan um refsistefnur og áhrif þeirra er viðvarandi umræða í þjóðfélaginu, enda mikilvægt málefni sem varðar þjóðarhag samfélagsins. Flest samfélög leitast við að lágmarka afbrotatíðni til að auka öryggi almennings og sýna jafnframt fram á ákveðin gildi og viðmið. Fjallað hefur verið um tvo útgangspunkta refsinga sem sett hafa mark sitt á umræðuna um refsistefnur, annars vegar gagnsemiskenningar og hins vegar endurgjaldskenningar. Gagnsemiskenningar voru ríkjandi á fyrri hluta tuttugustu aldar en þegar endurhæfing var notuð í of miklu magni tóku viðhorf til stefnunar að breytast í Bandaríkjunum, sérstaklega þar sem úrræði virtust ekki vera árangursrík. Í kjölfarið þróaðist harðari refsistefna sem lagði áherslu á endurgjald í stað umbóta (Hudson, 1996). Þegar fjallað er um refsistefnur í alþjóðlegu samhengi er oftast en ekki litið til Bandaríkjanna vegna þeirrar hörðu refsistefnu sem fyrirfinnst þar.

Rannsóknir á hinum ýmsu úrræðum sem refsikerfið hefur innleitt gefa greinagóða mynd af því hvaða úrræði eru áhrifarík og hver ekki. Það er ekki þar með sagt að sömu úrræði virki alls staðar þar sem aðferðir landa eru mismunandi þegar kemur að meðhöndlun þeirra. Í Bandaríkjunum þar sem meðhöndlun reynslulausnar hefur verið ábótavant hefur úrræðið ekki virkað sem skyldi. Til þess að reynslulausn og samfélagsþjónusta hafi tilætluð áhrif á endurkomur fanga er nauðsynlegt að vel sé staðið að verki. Fanginn þarf að hafa þær félagslegu stoðir sem sýnt hefur verið fram á að hafi jákvæð áhrif og eftirlit þarf einnig að vera virkt. Almennt er talið að lág endurkomutíðni endurspegli áhrif reynslulausnar. Hins vegar er erfitt að bera saman endurkomutíðni fanga af sömu ástæðu og samanburður er erfiður yfir höfuð; það eru ólíkar aðferðir refsikerfa og eins aðferðir sem notaðar eru til að reikna endurkomutíðni (Ministry. of Justice, 2012c).

Á Íslandi hefur reynslulausn verið notuð í auknum mæli síðustu tíu árin. Rof á skilyrðum reynslulausnar hefur haldist í lágmarki og endurkomutíðni fanga sem ljúka afplánun sinni á þessa leið hefur verið lág borin saman við önnur Norðurlönd. Það gefur til kynna að reynslulausn hér á landi beri góðan árangur. Hluti skýringarinnar er mögulega aukin úrræði fanga sem hljóta meðferð við áfengis- eða vímuefnafíkn í afplánun í ljósi þess hversu mörg afbrot eru framin í tengslum við fíkniefni (Fangelsismálastofnun, e.d.-c; Fangelsismálastofnun, e.d.-d). Í Englandi hefur veittum reynslulausnum hins vegar farið fækkandi en sú stefna sem einkennt hefur refsikerfið þar er ekki talin áhrifarík. Það sést helst í auknum kostnaði við refsikerfið án nokkur árangurs í að lækka endurkomutíðni. Í skýrslu sem Dómsmálaráðuneytið gaf frá sér árið 2010 er stefnan gagnrýnd og settar fram áætlaðar

breytingar á refsikerfinu sem eiga að leggja áherslu á frekari umbætur og endurhæfingu (Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales, 2010).

Þegar lítið er á frávíkshæðun út frá hópum og vandamálum í samfélaginu er erfitt að setja sökina einungis á einstaklingana. Samfélagið mótar einstaklingana upp að vissu marki og því er það samfélagslegt vandamál þegar afbrotatíðni eykst. Það hvernig samfélagið meðhöndlar þessi vandamál getur haft afdrifaríkar afleiðingar. Þungar refsingar eins og langir dómar og fá úrræði fyrir fanga virðast því fela í sér litla gagnsemi. Þrátt fyrir að úrræði eins og reynslulausn virki ekki í öllum tilfellum þá virðast kostirnir við að rannsaka það betur og skoða áhrif þeirra á endurkomutíðni margir og til langs tíma þjóna betur hag allra. Eitt er víst, það er að velgengni meðferðarúrræða refsikerfisins eru aldrei alveg örugg. Það er ekkert eitt úrræði sem reynst hefur árangursríkt fyrir alla afbrotamenn. Hugmyndin um að ekkert virki hefur þó vikið fyrir hugmyndinni um að eitthvað virki, en hafa ber í huga að það sem virkar hefur ákveðnar takmarkanir (Hudson, 1996). Nauðsynlegt er að rannsaka og þróa áfram það sem virðist virka og helsti vitnisburðurinn um það er lækkun á endurkomutíðni. Nýja refsistefnan hefur í það minnsta ekki sýnt fram á lægri endurkomutíðni heldur aðeins yfirfull fangelsi og skerta þjónustu við fanga.

Eins og Christie (2004) bendir á er fælingarmáttur refsinga varúðarvert hugtak þar sem lítið bendir til þess að refsingar virki sem forvörn fyrir afbrotamenn. Það vekur upp spurningar um tilgang refsinga og hvað samfélagið í heild vill fá út úr refsingum. Er ætlunin að veita afbrotamönnum makleg málagjöld eða á að leggja áherslu á umbætur og endurhæfingu? Líklega þarf að vera sitt lítið af hverju til að refsikerfið þjóni bæði hagsmunum fórnarlamba og afbrotamanna. Sú leið sem talin er skilvirkust í að lágmarka afbrotatíðni ætti þó að vera forgangatriði og stjórnmalaleg öfl ríkisvaldsins þurfa að taka mið af rannsóknum og sérfræðingum á þessu sviði við stefnumótun í refsimálum.

Heimildir

Almenn hegningarlög nr. 34/1940.

Almenn hegningarlög nr. 211/1940.

Alschuler, A. W. (2003). The changing purposes of criminal punishment: A retrospective on the past century and some thoughts about the next. *The University of Chicago Law Review*, 70(1), 1-22.

Anderson, E. (1994). The code of the street. Í D. M. Newman og J. O'Brian (ritstjórar), *Sociology: Exploring the Architecture of Everyday Life* (bls. 99-107). Thousand Oaks: Pine Forge Press.

Ataner, A. (2006). Kant on capital punishment and suicide. *Kant - Studien; Philosophische Zeitschrift*, 97(4), 452-482.

Banks, C. (2004). *Criminal Justice Ethics*. London: Sage.

Baumer, E., Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Wright, R. (2001). *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi: Rannsókn á afturhvarfi brotamanna til afbrotahegðunar eftir úttekt refsingar*. Reykjavík: Höfundar, Háskólafjölritun.

Berman, G. (2012, maí). *Prison Population Statistics*. Sótt 18. október 2012 af <http://www.parliament.uk/briefing-papers/SN04334>

Burrell, G. og Morgan, G. (1979). *Sociological Paradigms and Organisational Analysis*. London: Heinemann.

Christie, N. (2000). *Crime Control as Industry*. London og New York: Routledge.

Christie, N. (2004). *A Suitable Amount of Crime*. London og New York: Routledge.

Clark, R. (1970). *Crime in America: Observations on its Nature, Causes, Prevention and Control*. Simon & Schuster: America.

Council of Europe. (2010, mars). *Council of Europe Annual Penal Statistics*. University de Lausanne: Sviss. Sótt 27. október 2012 af http://www3.unil.ch/wpmu/space/files/2011/02/SPACE-1_2010_English1.pdf

Dessecker, A. (2011). Life sentences in Germany: An example of increasing punitiveness in the criminal justice system? Í H. Kury og E. Shea (ritstjórar), *Punitivity: International Developements vol. 8-3*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.

Dijk, J.J. van, Kesteren, J. van, & Smit, P.R. (2007). *Criminal Victimization in International Perspective. Key findings from the 2004–2005 ICVS and EUCIS*. Den Haag: Boom Juridische Uitgevers.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. (2004). *Skýrsla nefndar um reynslulausn*. Reykjavík: Sigríður

J. Friðjónsdóttir, Jónas Jóhannsson, Ragnheiður Bragadóttir, Þorsteinn A. Jónsson og Jón Þór Ólafsson.

Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales. (2009, júlí). *Story of the Prison Population 1995-2009 England and Wales: Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales Statistics Bulletin*. Sótt 5. október 2012 af <http://www.justice.gov.uk/downloads/statistics/mojstats/story-prison-population.pdf>

Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales. (2010, desember). *Breaking the Cycle*. Sótt 27. september 2012 af <http://www.justice.gov.uk/consultations/docs/breaking-the-cycle.pdf>

Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales. (2012a, júlí). *Offender Management Statistics Quarterly*. Sótt 12. október 2012 af <http://www.justice.gov.uk/statistics/prisons-and-probation/oms-quarterly>

Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales. (2012b, júlí). *Compendium of Re-offending Statistics and Analysis*. Sótt 25. september 2012 af <http://www.justice.gov.uk/downloads/statistics/reoffending/2012-compendium-reoffending-stats-analysis.pdf>

Dómsmálaráðuneyti Englands og Wales. (2012c, mars). *Prisoners' Childhood and Family Backgrounds: Results From the Surveying Prisoner Crime Reduction (SPCR) Longitudinal Cohort Study of Prisoners*. Sótt 5. október 2012 af <http://www.justice.gov.uk/downloads/publications/research-and-analysis/moj-research/prisoners-childhood-family-backgrounds.pdf>

Ellis, T. og Marshall, P. (2000). Does parole work? A post-release comparison of reconviction rates for paroled and non-paroled prisoners. *The Australian and New Zealand Journal of Criminology*, 22(2), 300-317.

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-a). *Fangelsi ríkisins*. Sótt 13. október 2012 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-b). *Reynslausn*. Sótt 13. október 2012 af <http://www.fangelsi.is/fullnusta-refsidoma/oskilordsbundid/reynslausn/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-c). *Tölfræðilegar upplýsingar um fullnustu refsinga árin 2000 - 2008*. Fangelsismálastofnun ríkisins: Reykjavík. Sótt 14. október 2012 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Tolfradilegar_upplysingar_um_fullnustu_refsinga_fyrir_arin_2000_til_2008.pdf

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-d). *Tölfræðilegar upplýsingar um fullnustu refsinga árin 2009 - 2011*. Fangelsismálastofnun ríkisins: Reykjavík. Sótt 14. október 2012 af <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Arstoflur-2009---2011.pdf>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (2004). *Uppbygging fangelsanna*. Sótt 27. september 2012 af <http://www.fangelsi.is/frettir/nr/90>

- Graunbøl, M. G., Kielstrup, B., Muiluvuori, M., Tyni, S., Erlendur Sigurður Baldursson, Hafdís Guðmundsdóttir o.fl. (2010). *Retur: En nordisk undersøgelse af recidiv blandt klienter i kriminalforsorgen*. Sótt 24. október 2012 af http://www.kriminalforsorgen.dk/Files/Filer/Statistik/Retur_-_nordisk_recidiv_maj_2010.pdf
- Gunnlaugsson, H. (2011). Criminal punishment in Iceland in the new millennium. Í H. Kury og E. Shea (ritstjórar), *Punitivity: International Developements vol. 8-3*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.
- Hagstofa Íslands. *Afbrot og afplánun refsinga, Heilbrigðis-, félags- og dómsmál*. Sótt 20. september af <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Heilbrigdis,-felags-og-domsmal/Afbrot-og-afplanun-refsingar>
- Harrendorf, S. (2011). How to measure punitiveness in global perspective: What can be learned from international survey data. Í H. Kury og E. Shea (ritstjórar), *Punitivity: International Developements vol. 8-1*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.
- Hayton, P. og Boyington, J. (2006). Prisons and health reforms in England and Wales. *American Journal of Public Health*, 96(10), 1730-1733.
- Hedderman, C., Vennard, J. og Sugg, D. (1998). *Changing Offenders' Attitudes and Behaviour: What Works?* Home Office: London. Sótt 27. september 2012 af <http://w3.unisa.edu.au/hawkeinstitute/sprg/documents/what-works.pdf>
- Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir. (2006). Crime and criminal policy in Iceland: Criminology on the margins of Europe. *European Journal of Criminology*, 3(2), 221-253.
- Hirtenlehner, H. (2011). The origins of punitive mentalities in late modern societies. Testing an expressive explanatory model. Í H. Kury og E. Shea (ritstjórar), *Punitivity: International Developements vol. 8-1*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.
- Hudson, B. (1996). *Understanding Justice: An Introduction to Ideas, Perspectives, and Controversies in Modern Penal Theory*. Philadelphia: Open University Press.
- Innanríkisráðuneytið. (2012, júní). *Nýtt fangelsi á hólmsheiði í Reykjavík*. Innanríkisráðuneytið: Reykjavík. Sótt 24. október 2012 af http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2012/Fangelsi_Holmsheidi_Domnefndaralit_Skjautg_rett.pdf
- Jón Friðrik Sigurðsson og Erlendur S. Baldursson. (1998). *Áfengis- og fíkniefnameðferð í refsivist og endurkoma í fangelsi*. Sótt 12. október 2012 af <http://www.fangelsi.is/rannsoknir-greinar/nr/159>
- Kuhlmann, A. (2011). Punitiveness in the US criminal justice system. Í H. Kury og E. Shea (ritstjórar), *Punitivity: International Developements vol. 8-3*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.

- Kury, H. og Obergfell-Fuchs, J. (2011). Punitiveness in the German population? A review of the empirical evidence based on nationwide surveys. Í H. Kury og E. Shea (ritstjórar), *Punitivity: International Developements vol. 8-2*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.
- Kury, H. og Shea, E. (ritstjórar). (2011). *Punitivity: International Developements vol. 8-1*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.
- Larrauri, E. og Varona, D. (2011). Democracy at work? Public opinion and penal reforms in Spain. Í H. Kury og E. Shea (ritstjórar), *Punitivity: International Developements vol. 8-2*. Bochum/Germany: Universitätsverlag Dr. Brockmeyer.
- Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005.
- Martinson, R. (1974). What works? - Questions and answers about prison reform. *The Public Interest*, 35, 22-54. Sótt 24. október 2012 af http://www.nationalaffairs.com/doclib/20080527_197403502whatworksquestionsandanswersaboutprisonreformrobertmartinson.pdf
- National Audit Office. (2005). *National Offender Management Service: Dealing With Increased Number in Custody*. London: The Stationary Office.
- The Parole Board for England and Wales. (2012, júlí). *Annual Report and Accounts 2011/12*. London: The Stationery Office. Sótt 5. október 2012 af <http://www.justice.gov.uk/downloads/publications/corporate-reports/parole-board/parole-board-annual-report-11-12.pdf>
- The Parole System. (1971, desember). *University of Pensylvania Law Review*. Vol. 120, No 2. Sótt 16. október 2012 af <http://www.jstor.org/discover/10.2307/3311371?uid=3738288&uid=2&uid=4&sid=21101279812823>
- Postema, G. J. (2006). Interests, universal and particular: Bentham's utilitarian theory of value. *Utilitas*, 18(2), 109-133.
- Pratt, J. (2005). *The New Punitiveness: Trends, Theories, Perspectives*. Cullompton: Willan.
- Ríkisendurskoðun. (2010, mars). *Skipulag og úrræði í fangelsismálum*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun. Sótt 25. október 2012 af <http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/fangelsismal.pdf>
- Robinson, J. A. (2005). The relationship between parole and recidivism in the criminal justice system. *McNair Scholars Journal*, 9(1), 102-108.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2011, desember). *Report of the Working Group on the Universal Periodic Review: Iceland*. Sótt 12. október 2012 af http://www.un.org/ga/search/view_doc.asp?symbol=A/HRC/19/13&
- Seiter, R. P. og Kadela, K. R. (2003). Prisoner reentry: What works, what does not, and what is promising. *Crime & Delinquency*, 49(3) 360-388.

- Sim, J. (2004). Militarism, criminal justice, and the hybrid prison in England and Wales. *Social Justice*, 31(1-2), 39-50.
- Sim, J. (2009). *Punishment and Prisons: Power and the Carceral State*. London: Sage Publications Ltd.
- Smit, P., Eijk, A. van, og Decae, R. (2011). Trends in the reaction on crime in criminal justice system in Europe 1990-2007: A comparison of four European regions. *European Journal on Criminal Policy and Research*, 18, 55-82.
- Social Exclusion Unit (SEU). (2002, júlí). *Reducing Re-offending by Ex-prisoners*. Sótt 12. október 2012 http://www.clinks.org/assets/files/PDFs/reducing_report.pdf
- Thio, A. (2007). *Deviant Behavior*. Boston: Pearson.
- Thomas, T. og Heberton, B. (2012). Dilemmas and consequences of prior criminal record: a criminological perspective from England and Wales. *Criminal Justice Studies: A Critical Journal of Crime, Law and Society*, 1-15.
- Travis, J. og Lawrence, S. (2002, nóvember). *Beyond the Prison Gates: The State of Parole in America*. Sótt 16. október 2012 af http://www.urban.org/UploadedPDF/310583_Beyond_prison_gates.pdf
- de la Vega, C., Solter, A., Kwon, S. og Isaac, D. M. (2012). *Cruel and Unusual: U.S. Sentencing Practices in a Global Context*. San Fransisco: University of San Fransisco.
- Weinar, B., Graham, S. og Reyna, C. (1997). An attributional examination of retributive versus utilitarian philosophies of punishment. *Social Justice Research*, 10(4), 431-452.
- Wilson, J. Q. (1997). Criminal justice in England and America. *Public Interest*, 126, 3-14.
- Zanis, D. A., Mulvaney, F., Coviello, D., Arthur, I. A., Savitz, B. og Thompson, W. (2003). The effectiveness of early parole to substance abuse treatment facilities on 24-month criminal recidivism. *Journal of Drug Issues*, 33(1), 223-236.